



Hjálmur

fréttablað

Verkalýðsfélagið Hlíf óskar
félagsmönnum og Hafnafirðingum
öllum gleðilegrar aðventu og
hamingjuríkra jóla!



[8]

Öflug kjarabaráttu hjá Hlíf



[10]

Skiptir meira máli að gera rétt en
að fara oft á trúarsamkomu



[30]

Gríðarleg óánægja hjá starfsfólki
leikskóla í Hafnafirði

Árið 2021 hefur verið viðburðaríkt

Leiðari eftir Kolbein
Gunnarsson, formann
Verkalýðsfélagsins Hlífar



Atvinnulífið hefur heldur verið að rétta úr kútnum eftir verstu efnahagslegar afleiðingar Covid-faraldursins. Ljóst er að bólusetningar hafa skipt höfuðmáli og munu gera áfram, því enn er alls ekki séð fyrir endann á faraldrinum, né afleiðingum hans. Flestir virðast búnir undir að við þurfum að lifa við þetta ástand á komandi misserum.

Síðustu stóru kjarasamningunum á samningssviði félagsins lauk á árinu, með tímamótasamningi við Río Tinto á Íslandi. Samningurinn er ekki síst tímamótasamningur vegna þess hvað hann er til langs tíma, gildir til ársloka 2026. Með þessum samningi skapast langþráður friður varðandi stóru málin í samskiptum félagsins og fyrirtækisins. Jafnframt felur þessi samningur í sér, að mjög er dregið úr langvarandi óvissu um framtíð fyrirtækisins. Samningurinn var samþykktur í atkvæðagreiðslu með miklum meirihluta atkvæða.

Þótt nú sé stund milli stórra stríða varðandi kjarasamningagerð, stýttist í næstu lotu. Samningar á almennum vinnumarkaði eru lausir 1. nóvember á næsta ári (2022) og nú

þegar farið að leggja drög að undirbúningi viðræðna. Samningar við ríkið (og samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, en í þeim eru Hrafnistuheimilin og Sólvangur) eru lausir 31. mars 2023 og samningur við sveitarfélögin 30. september 2023.

Félagið hefur verið í samskiptum við Hafnarfjarðarbæ í alllangan tíma, um ýmis atriði sem snúa að kjörum starfsfólks í leikskólum. Samningar Reykjavíkurborgar og Eflingar um kjör þessa hóps fólu í sér greiðslur sem hækkuðu laun leikskólastarfsfólks umtalsvert. Önnur sveitarfélög í nágrenninu fylgdu þessari þróun, jafnvel þótt ekki væru gerðir sérstakir samningar vegna þess. Öll nema Hafnarfjörður. Þetta hefur leitt til að allmargir leikskólastarfsmenn hafa sagt upp í Hafnarfirði og farið til starfa í nágrennasveitarfélögum, við samskonar störf en fyrir hærri laun.

Framan af upplifðum við samtöl við forsvarsmenn bæjarins þannig að vilji væri til að grípa til sambærilegra úrræða og nágrennasveitarfélögin höfðu gert. En þegar til átti að taka hafði innihald þessara viðræðna ekki svo mikið sem farið út fyrir viðræðuherbergin. Fyrir afgreiðslu fjárhagsáætlunar næsta árs létu

bæjaryfirvöld það boð út ganga að til stæði að auka mjög í fjárveitingar til leikskóla, meðal annars til að reyna að snúa við flótta starfsfólks. Þegar til átti að taka, er einkum verið að bæta kjör stjórnenda. Almennir starfsmenn eiga að fá fimm yfirvinnutíma á mánuði, en aðrar greiðslur, svo sem sérstakar yfirvinnugreiðslur vegna starfsmannafunda utan hefðbundins vinnutíma, eru felldar niður.

**Þótt nú sé stund milli
stórra stríða varðandi
kjarasamningagerð, stýttist
í næstu lotu.**

Ljóst er, að þessar aðgerðir munu í engu draga úr óánægju almenns starfsfólks. Mikil reiði er í starfsmannahópnum, reiði vegna áhuga- og virðingarleysis í garð starfsfólksins. Hverfandi líkur eru á að aðgerðirnar dragi úr mönnunarvandannum. Þvert á móti er allt eins líklegt að þær auki á hann, fjarvistir vegna langtímaveikinda aukist, starfsfólk haldi áfram að leita í önnur störf og málið verði komið í harðan hnút snemma á næsta ári.

SKRIFSTOFA
VERKALÝÐSFÉLAGSINS
HLÍFAR
Reykjavíkurvegi 64

OPNUNARTÍMI:

Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:15 til 16:00
Sími: 5100 800
Netfang: hlif@hlif.is

Veffang: www.hlif.is
Ábyrgðarmaður:
Kolbeinn Gunnarsson
Útgefandi: Verkalýðsfélagið Hlíf

Ritstjórn: Guðmundur Rúnar Árnason
Umbrot: Baldvin Baldvinsson
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Ljósmyndir: Binni og fl.



ÍSLENSK VERÐBRÉF BJÓÐA FJÖLBREYTTA FJÁRFESTINGARKOSTI OG SPARNADARMÖGULEIKA

Hægt er að eiga viðskipti með sjóði í rekstri ÍV sjóða hf.
í gegnum **Verðbréfavef ÍV á iv.is**

VERÐBRÉFAVEFUR ÍV Á **WWW.IV.IS**



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —



Afmælis- kveðjur í bundnu máli

Ljóð erfiðisvinnumanns
til félagsins síns

Fyrir nokkru áskotnaðist félaginu handrit með ljóði, ortu til Verkamannafélagsins Hlíf á 40 ára afmæli félagsins. Handritið kom í ljós þegar unnið var að breytingum á húsnæði þar sem Alþýðuprentsmiðjan hafði verið til húsa og verið var að henda dóti sem tilheyrði henni. Þetta mun hafa verið á áttunda áratug síðustu aldar. Hallbjörn Þorbjörnsson, smiður, sem fann handritið, færði félaginu það nýlega til varðveislu. Ekki er vitað til þess að ljóðið hafi áður birst opinberlega.

Undir er skrifað höfundarnafnið Feigur Fallandason, en eins og mörgum er kunnugt, er það heiti ljóðs eftir Bólu-Hjálmar, sem hefst þannig:

*Mér er orðið stirt um stef
og stílvopn laust í höndum, ...*

Höfundurinn á bakvið nafnið mun vera Benjamín Ástsæll Eggertsson, sem fæddist á Bildshóli á Skógarströnd árið 1893, sonur vinnuhjúa á staðnum. Þaðan var hann fluttur tveggja daga gamall til vandalausra, að Heggstöðum í Hnappadalssýslu þar sem hann var í nokkra mánuði. Ólst hann síðan upp til tvítugs að mestu hjá foreldrum sínum að Skipphyl í Mýrasýslu. Eftir það stundaði hann verkamannavinnu í Hafnarfirði og sjómennsku í um tvo áratugi, þar til hann veiktist svo alvarlega að hann var rúmfastur á sjúkrahósti þann þriðjung ævinnar sem hann átti ólífaðan.

Flokkur þinn sendir þér beztu kveðjur

Þjóðviljinn birti stutta grein og viðtal við Benjamín á sextugsafmæli hans, 24. september 1953. Umfjöllunin, sem er líklega eftir Jón Bjarnason, fréttastjóra, hefst á svohljóðandi kveðju frá Einari Olgeirssyni:

Flokkur þinn sendir þér beztu kveðjur og heillaóskir á sextugsafmælinu. Hann þakkar þér, að þú hefur, veikur, verið fullhraustum til fyrirmyndar um fórnfýsi og áhuga.

Í viðtalinu lýsir Benjamín ævi sinni á þennan veg:


*Fæddur er ég fátækur,
fæddur til að stríða
fæddur er ég flækingur;
fæddur til að líða.*

Vopn sem aldrei geigaði

Fyrrum skipsfélagi Benjamíns, Árni Guðmundsson, skrifar einnig grein í Þjóðviljann á sextugsafmælinu. Hann segir frá því, að hann hafi ráðið sig í skipsrúm í Grindavík veturinn 1918. „Þá voru ekki vélar í skipunum til að létta erfiðið, heldur voru áramnar knúðar eftir því sem hver hafði mannskap til.“ Árni segist fljótt hafa tekið eftir einum skipsfélaganum, sem hafi borið af öðrum að dugnaði, glæsileik og harðfengi. „Hann varð brátt sjálfkjörinn foringi hásetanna og allir fylgdu honum í hverju máli

og allt sem hann stakk upp á var samþykkt í einu hljóði, hélt hann jafnan svo á málunum að skipshöfnin hafði virðingu af. Hann var jafnan skjól og skjöldur minn og annarra, sem minnimáttar voru, ef eitthvað var sveigt af þeim, þá var honum að mæta. Hann var alltaf tilbúinn að taka svari okkar. Allir vissu að jafnframt því, sem hann var ramur að afli, átti hann vopn sem hann brá stundum og aldrei geigaði. Það voru hinar bráðsnjöllu ferskeytlur og vísur sem urðu fleygar. Það voru fáir sem vildu verða skotspæmir hans á þeim vettvangi. ... Nú er Benjamín, þessi hrausti maður, búinn að liggja í rúminu yfir 20 ár, oft sár þjáður, einn af mörgum sem hin mikla þrælkun á togurunum, meðan lítill eða enginn hvíldartími var lögboðinn, hefur rænt heilsu og lífshamingju.”

Benjamín hélt áfram að yrkja eftir að hann varð rúmfastur og líklega af meiri alvöru og dýpt en meðan hann var á sjónum og kastaði fram tækifærisvísunum. Kveðskapurinn var oft helgaður hörðum lífsskjörum, misskiptingu auðs og baráttunni fyrir bættum kjörum alþýðu fólks. Benjamín gaf út tvær ljóðabækur, Arfaklær og Berjaklær. Í þeirri síðari, sem kom út á sextugsafmælinu, er að finna annað ljóð ort til félagsins, kveðju á 45 ára afmæli þess. Það er því ljóst, að Benjamín hefur haft sterkar taugar til Hlífar.



Baráttuljóð undir sterkum áhrifum stórskálda

Fyrri ljóðið, sem fannst í handriti eins og áður kemur fram, er ort í anda baráttuljóða þessa tíma. Það ber þess nokkur merki að hafa ekki verið fullfrágengið. Í því má merkja áhrif frá skáldum eins og Þorsteini Erlingssyni og Davíð Stefánssyni.

Verkamannafélagið Hlíf 40 ár
Eitt um skammdegiskvöld,
þá var skugganna fjöld,
og þá skein ekki lífssól í verkamanns hjarta.
Því hin stritandi hönd
var þá bundin í bönd
og svo beygð undir hagsmuni ræningjans svarta.
Þá framsæknu mennirnir fundar til boða,
þeir fjöldanum hugðust nú bjarga úr voða.
Þá var alþýðan djörf, bætt var öreigans þörf
því um áranna fjöld,
sló á mannfélagshimininn roða.

Við það stofnenda spor
rann upp verkalyðs vor
og það vígið, sem kúgarinn óttast og hatar
nefnt var félagið Hlíf, gaf þá fátækum líf
og þá framtíð og eining, sem tíminn ei glatar.
Um tugina fjóra nú félagið hefur
því frækorni sáð, sem að ávöxtinn gefur.
Því hin vinnandi stétt, á sinn ríkjandi rétt
til að ráða þeim málum
er hagsmunasamvinnan krefur.

Þeim skal merkið hátt reist,
fólk úr martröð gat leyst
Og fyrst mótuðu grunninn í byggingu slíka!
Þá var lýðurinn sljór, þá var loddarinn stór

og svo launin öll skömmtuð úr höndum þess ríka.
Að sameina fólkið á sundrungar dögum
var sannkallað afrek á verkalyðs högum,
því sú klafaða þjóð finnst oft kjörin sín góð
sem til kvalar og hungurs er borin
að þorparans lögum.

Nú er alþýðan frjáls,
jafnt til mennta og máls,
og til mannréttar getin á pappírnum hvíta.
Gef ei baráttu hlé.
Til er vargur í vé
og hann verkalyðssamtökum reynir að slíta.
Því afturhalds gripurinn ekki finnst dauður,
Sá eittrar og brennir hvert mannlífsins hauður.
Svo, hið fertuga barn;
lýs við frelsisins arn
sem einn framvörður réttlætis.
Bræðralags hugsjón er auður.

Fram á hamingju tíð
kný ég hafnfirzkan lýð,
til að hugleiða kenningar foringjans milda.
Hann sem meistari beið
og sem mannvinnur leið
þó veit mannkynið ei hvað er boðorð og skylda.
Að allir menn losni frá örbirgð og vinni
ég efast um jöfnuð hjá þjóðinni minni.
Ég er krankur og veill
en í kærleika heill
mun ég koma til barnsins
með óskir og vonir í sinni.

Ljós í batnandi heim
ver með bróðurnum þeim
er vill bæta vort þjóðlíf af einlægu hjarta.
Burt með lyginna sigð
upp með dádír og dyggð
svo vor drottningin leiðist í hásætið bjarta.
Vér allir því heitum Íslandsvinir góðir
í eining að lifa systir kær og bróðir
allt skal fósturjörð veitt
ei skal flokksvaldi beitt
en vér fórnum þér öllu

Kveðja á 45 ára afmæli Hlífar

Eftirfarandi ljóð birtist á forsíðu fyrsta tölublaðs Hjalms árið 1952, en blaðið var að mestu tileinkað 45 ára afmæli félagsins. Það er einnig að finna í ljóðabók Benjamíns – Berjaklær – sem kom út á sextugsafræmli hans árið 1953.

Kveðja til Verkamannafélagsins „Hlíf“
Hafnarfirði á 45 ára afmæli þess í janúar 1952

Heillaskeyti „Hlíf“ ég sendi
hálfímtugri nú í dag.
Alla tíma stöðug standi,
stéttar sinnar bæti hag.
Dag og nótt sé vel á verði,
virði, styrki bræðralag.
Allar mínar óskir beztu
eru nú í þessum brag.

Samtök hafa sýnt, hvað geta,
sameinaðir verkamenn.
Ósigrandi er sú fylking,
undan lætur valdið enn
forherta, sem feigan vilja
félagsskapinn allan senn.
Einvíg þó við auðvald há,
aldrei burt af hólmi renn.

Sundrunganna sendi öflin
sjötugt út á djúpið „Hlíf“.
Hagsmunanna gerið gæta
gott í stormi eiga „Hlíf“.
Eining tengi alla saman,
allir styðji félag „Hlíf“.
Verði hennar veldið stóra
verkamannsins trausta „Hlíf“.

Aðgangur og varðveisla tryggð til framtíðar

Nú er hægt að lesa öll tölublöð Hjárms frá 1912 til dagsins í dag á vefnum.


Hlíf hefur gert samning við Landsbókasafnið um skönnun á öllu þessu efni og vistun á vefnum. Með þessu er bæði búið að tryggja almennan aðgang almenningis að þessu efni og varðveislu þess til frambúðar.

Öll þessi tölublöð og upplýsingar sem þau hafa að geyma er mikill fjársjóður sem verður væntanlega mikill fengur fyrir sagnfræðinga og aðra þá sem hafa áhuga á að kynna sér söguna.

Útgáfa í hundrað og tíu ár

Útgáfa Hjárms hófst árið 1912. Blaðið var í upphafi handskrifað og lesið upp á félagsfundum. Efnið var að mestu hugleiðingar um málefni liðandi stundar, sögur og ljóð. Minna fór fyrir umfjöllun um málefni félagsins, enda voru þau rædd og afgreidd á fundunum sjálfum. Fyrstu 10 árin var blaðið handskrifað og „gefið út“ í einu eintaki til upplesturs, en síðar var farið að fjölfalda það og dreifa meðal félagsmanna. Útgáfan hefur verið samfelld frá þessum tíma (með örfáum undantekningum). Hjálmur kemur út enn þann dag í dag og hefur undanfarin ár verið gefinn út einu sinni á ári, í desember, og dreift með pósti til félagsmanna.

Hjálmur1912



Hjálmur1922



Hjálmur1936



Hjálmur1942



Hjálmur1952



Hjálmur1959




Hjálmur1964



Hjálmur1976



Hjálmur1982



Hjálmur1988



Hjálmur1995



Hjálmur2002




Hjálmur2014



Röskva bóndadóttir

Úr Hjálmi fyrir 100 árum

„Jeg get ekki verið að sækja þessa fundi „verkamannafélagsins“, svo munar ekkert um mig“, sagði Ljettur á Lýðskálum þegar verið var að hvetja hann til að sækja alþýðufundi, en þegar fundir voru úti var hann manna forvitnastur og stóð ekki alveg á sama um frjettirnar, og ef dregið var úr kaupkröfu eða ártillög hækkuð varð hann æfur við. En hverjir voru kosnir í stjórn eða nefndir, lá honum ljett á hjarta. Ljettur hafði að vilja móður sinnar Þjóðleifar gengið í Verkamannafélag fyrir 6 árum og var búinn að vera á 7 fundum og fanst lítil uppbygging að. En þó Ljettur væri ljettur hafði hann næga þyng til að halda niðri nábúum sínum. Svo úr þeim hluta borgarinnar var oft þunnskipað þó áriðandi mál væri á dagskrá. Gagnstæð áhrif hafði Þungur á Þjóðmelum í sínum hluta borgarinnar. Hvatti hann til samvinnu og fjelagsskapar, og sótti hvern fund, enda þótti ekki ráð ráðið nema hann væri með. Þannig hjelt hann uppi fundum, sem bráðum urðu fámennari, og fámennari því altaf fjölgaði Ljettingum, en svo kallaði hann þá sem drógu sig í hlje þegar um alþýðumál var að ræða. „Hið unga íslenska ríki hafði ekki enn lært að sameina krafta sína og fáir athugað það að krafter þjóðarinnar þurfa að sameinast til þess að þeim verði beitt, henni til hagsauka og blessunar.“ Um þetta var Þungur að hugsa þar sem hann reykti pípu sína í hægindastól sínum eitt kvöld í Nóvembermánuði, haustið sem síðari atlagan var gerð móti rottunni. Þá var hrundið upp hurðinni og ungur kvenmaður gengur inn í stofuna. Það var Röskva dóttir Þungs. Hún var há vexti og



öll þreklega vaxin, og var svo búin, að hún var í grænum kjól, er hún hafði sjálf unnið úr sauðauill. Hún var öll hin tígulegasta þó ekki væri hún smáfríð svipurinn var hreinn, ennið breitt, augun blá og djúp og í stærra lagi, og þar sem hörkusvip brá fyrir í brúnum mæringar, verður þeim best lýst með orðum skáldsins:

„Augna þinna mæra mynd,
máluð verður hvergi.
Nema þar, sem ljóstær lind,
líður undan bergi.“
Framhald.

Þessi texti er skrifaður upp úr handrituðum Hjálmi frá desember 1921. Þess hefur verið gætt, að viðhalda rithætti þess tíma, en mögulegt er að við endurritun hafi verið lesið rangt úr einhverjum orðum. Orðalagið, „þegar fundir voru úti“ á líklega við um að þegar fundum var lokið, en ekki útifundi. Undir frásögninni stendur „Framhald“, sem útskýrir af hverju botninn virðist vanta í frásögnina. Hann hefur ekki enn orðið á vegi núverandi ritstjóra.

KYNNING Á STJÓRNARMÖNNUM

Í Straumsvík áttaði ég mig á mikilvægi og nauðsyn öflugrar kjarabaráttu

Segir Eypór Þormóður Árnason, varaformaður Verkalýðsfélagsins Hlífar



Eypór Þormóður Árnason hafði ekki mikið velt fyrir sér verkalýðsmálum á yngri árum. Það breyttist fljótt eftir að hann byrjaði að vinna í álverinu í Straumsvík, árið 2001. Þar var öflugt kerfi trúnaðarmanna og stéttarvitund sterkari meðal starfsfólks en hann hafði kynnst annars staðar. Þetta markaði framhaldið og nú er Eypór orðinn varaformaður Hlífar.

„Ég er fæddur í Reykjavík en fjölskyldan, foreldrarnir ásamt mér og tveimur systur, flutti á Álfaskeiðið í Hafnarfirði þegar ég var nokkurra mánaða gamall. Þar ólst ég upp og þar var fjölskyldan alla mína barnæsku. Þaðan á ég eiginlega bara góðar minningar,” segir Eypór.

Var í „gullaldarliðinu“

Leiðin lá í Lækjarskólann, í sex ára bekk hjá Óla B. sem margir Hafnfirðingar þekkja af góðu. „Síðan fór ég í Viðistaðaskóla í 2-3 ár og aftur í Lækjarskóla, þar sem ég kláraði grunnskóla. Síðan var leiðin bara hefðbundin,” segir Eypór. Hann fór í Flensborg og lauk stúdentsprófi þaðan af félagsfræðibraut árið 1985. „Það var einu ári á eftir jafnöldrunum, því ég var valinn í unglingalandslið og landslið 21 árs og yngri í körfubolta. Ég tók körfuboltann fram yfir skólann, fór meðal annars í tvær keppnisferðir til útlanda sem hægðu á náminu.” Eypór byrjaði seint að æfa, var orðinn 14-15 ára þegar hann fór að mæta á æfingar hjá Haukum. Þar kynntist hann góðum félögum; Ólafi Rafnssyni heitnum sem síðar varð meðal annars forseti Íþrótt- og ólympíusambands Íslands, Pálmari Sigurðssyni, Reyni Kristjánssyni og mörgum öðrum góðum félögum. „Ég held að óhætt sé að kalla þetta gullaldarliðið hjá Haukum í körfunni.”

Eftir þetta fór Eypór að vinna ýmis störf. Hann var um tíma á auglýsingastofu og vann margs konar verkamannavinnu, meðal annars í kjarnaborun og steinsteypusögun. Um það bil tuttugu og fimm ára gamall hóf hann störf hjá Hjú Skeljungu, fyrst við afgreiðslu en tók síðan við rekstri á tveimur stöðvum, í Garðabæ og Reykjavík. Eypór fór um tíma í nám í lögfræði, en það átti ekki við hann og hann fór aftur til Skeljungs.

Straumhvörf um aldamótin

Síðan urðu ákveðin tímamót árið 2001 þegar Eypór hóf að vinna í álverinu í Straumsvík. „Þá var ég ráðinn sem almennur starfsmaður í kerskála, á þrískiptum vöktum. Þar var ég í 14 ár, til ársins 2015. Eftir fjögur eða fimm ár gaf ég kost á mér sem trúnaðarmaður í kerskalanum. Það má segja að þar hefjist þessi saga mín með Verkalýðsfélaginu Hlíf,” segir Eypór. Eftir að hafa verið trúnaðarmaður í 2-3 ár var hann kjörinn í stjórn Hlífar. Síðla árs 2014 varð hann aðaltrúnaðarmaður alls starfsfólksins og gegndi því starfi fram á mitt ár 2018. „Þá hætti ég í Straumsvík og kom hingað inn á skrifstofuna 1. ágúst 2018. Ég var fyrst almennur starfsmaður á skrifstofunni, ásamt því að vera í stjórninni. Síðan var ég kjörinn varaformaður á aðalfundi vorið 2019.”

Þetta er atvinnusaga hans í stórum dráttum. „Það sem snýr að þátttöku í verkalýðsmálum hefur eiginlega gerst af sjálfsér og undið sjálfkrafa upp á sig. Straumsvík er sérstakur vinnustaður, þar er talsvert sterk stéttarvitund meðal starfsfólks. Þar er öflugt kerfi trúnaðarmanna og oftast hafa öflugir einstaklingar valist sem trúnaðarmenn.” Eypór

segir að stundum sé tekist á og margir sem hafi valist sem trúnaðarmenn hafi orðið mjög virkir í sínum félögum og farið að vinna á skrifstofum þeirra eða verið kjörnir í stjórn. Ýmsir af öflugustu verkalýðsforingjum landsins í gegnum tíðina hafi einhvern tíma starfað í Straumsvík. „Þetta hefur því reynst mörgum mikilvægur skóli og hann hefur mjög sett mark sitt á hvernig ég hugsa. Kjaramál voru ekki ofarlega á baugi í kringum mig í uppeldinu, en í Straumsvík kynntist ég öflugum fólki sem opnaði augu mín fyrir mikilvægi og nauðsyn sterkrar kjarabaráttu. Ég áttaði mig á því að ekkert gerist af sjálfu sér.”

Mikill og aukinn kraftur í Hlíf

Aðspurður um hvernig hann hafi upplifað félagið þann tíma sem hann hefur verið virkur, segir hann það hafa breyst talsvert, það hafi nútímavæðst og þroskast og sé enn að taka stór skref í þeim efnum. „Starfsfólki hefur fjölgað og við erum því fljótari að bregðast við. Ég finn í samskiptum við félagsmenn að félagið er orðið sýnilegra og það snertir sína félagsmenn meira en áður. Starfsmannahópurinn er öflugur og það skilar sér. Ég held að félagsmennirnir finni fyrir



Þessu, þeir sem leita til félagsins eru miklu fleiri en þeir voru. Þá er ég að tala um sumarhúsin, styrkina og ekki síst þá sem koma hingað til að leita aðstoðar vegna einhverra kjaramála. Það er sjálfsagt að einhverju leyti vegna aðstæðna á vinnumarkaði, en líka vegna þess að fólk hefur fengið úrlausn sinna mála. Það spyrst út, ekki síst meðal erlendra starfsmanna. Síðan höfum við gert ýmislegt til að hafa frumkvæði að því að snerta félagsmennina, láta þá vita af okkur. Félagið er núna á næstu vikum og mánuðum að taka stór skref inn í framtíðina með upptöku nýs félagsmannakerfis.“

Þegar Eypór er spurður hvort verkalyðsbarátta verði mikilvæg í framtíðinni, er hann fljótur til svars. „Já. Ég kynntist verkalyðsbaráttu í Frakklandi dálítið þegar ég var í álverinu. Þar er almenn þátttaka í stéttarfélögum brot af því sem hún er hér. Þeir öfunduðu mig þegar ég sagði þeim hvert hlutfall þátttöku væri. Það er þó auðvitað ekki nóg, það þarf að vera virkt og öflugt baráttutæki. Það þýðir að við sem erum í forystu og störfum fyrir félagsmennina verðum að vera opin fyrir nýjungum. Við verðum að vera sveigjanleg og á tálum gagnvart þörfum og óskum félagsmannanna.“ Hann er þeirrar skoðunar að framtíð Hlífar, þessa rötgróna

félags, sé mjög björt. „Við erum hér mitt á milli Reykjavíkur og Suðurnesjanna, í miðju þessa stóra atvinnusvæðis. Ég sé félagið gegna miklu hlutverki. Síðan skiptir líka máli fyrir framtíð félagsins, að á félagssvæði Hlífar erum við með tiltölulega stöðugan vinnumarkað. Við höfum til dæmis fundið mun minna fyrir áhrifum af samdrætti í ferðamennsku en til dæmis félögin suður með sjó.“ Þegar rætt er um mögulegar sameiningar við önnur verkalyðsfélög segist Eypór ekki hafa efasemdir um mikilvægi stærðarinnar. Hann segist þó ekki viss um að sameining við risafélag, eins og til dæmis Eflingu, þjónaði hagsmunum Hlífarfólks til lengri tíma, án þess að útiloka það. „Mér finnst aftur á móti vel athugandi til að byrja með að auka samstarf við önnur félög. Ég nefni til dæmis félögin á Suðurnesjum í því sambandi. Svo veit maður ekkert til hvers aukið samstarf leiðir á endanum. Það hlýtur að fara eftir því hvernig gengur. Íbúafjöldinn suður með sjó er að aukast og byggðin er að færast nær okkur.“

Karpað um fleira en kaup og kjör

Eypór á tvær eldri systur, sem hann ólst upp með eins og komið hefur fram. Þá á hann tvær dætur, 26 og 29 ára. „Ég eyði eins miklum tíma og ég get með dætrum mínum. Síðan hef ég

gaman af því að ferðast. Í Covid hafa ferðalögin aðallega verið innanlands, ég fór hringinn til dæmis tvisvar í sumar. Það er stórkostlegt að upplifa landið.“ Hann segir annars vinnuna vera aðaláhugamálið. Hann sé í krefjandi starfi og vilji sinna því vel. „Maður er alltaf á vaktinni. Það er ekki hægt að vera í svona starfi nema manni finnst það skemmtilegt. Það gefur því síðan enn meira gildi þegar manni finnst vinnan skila árangri, ef mál leysast og skila árangri fyrir félagsmanninn.“

Eypór hefur haldið tryggð við íþróttirnar, þótt það sé aðallega úr sófanum nú orðið. „Ég fylgist vel með íþróttum, sérstaklega tuðrusparkinu og þá helst enska boltanum. Við félagarnir gerum stundum mikið úr því, höfum félagslegt samneyti í kringum fótboltann, hittumst oft þrír eða fjórir yfir kaffi og kaffibrauði og gerum eitthvað úr þessu. Það er ekki síður mikilvægt en boltaleikurinn sjálfur. Við erum svo heppnir að við eigum hver sitt uppáhaldslið og þetta verður oft óþrjótandi uppspretta innihalds- og græskulausra rifrilda og ýfinga. Það er helmingurinn af ánægjunni að halda ekki með sama liðinu og geta þvargað og þrasað og skotið hver á annan í kringum leikinn. Það er nauðsynlegur hluti af þessu finnst mér,“ segir Eypór að lokum.



Teg. ALEX



Teg. Charles



Teg. WILLJAM

ELITE hvíldarstólar

3 tegundir
3 möguleikar
Anelin leður allan hringinn
3 litir



Teg. CHARLES



Teg. WILLJAM



Opíð virka daga
11-18
laugardaga
11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Húsgagnaverslunin Nýform ehf. • Strandgata 24 • Sími 565 4100 • nyform@nyform.is • www.nyform.is



Skiptir meira máli að gera rétt en að fara oft á trúarsamkomu

•segir Kamal, sem hefur starfað í Straumsvík í meira en tuttugu ár

Kamaldeep Singh er fæddur og uppalinn á Indlandi, en flutti til Íslands fyrir aldarfjórðungi. Bróðir hans hafði flust til Íslands nokkrum árum áður. Kamaldeep, sem í daglegu tali er kallaður Kamal, vann fyrst í Sjólastöðinni í Hafnafirði frá ágúst 1996 til mars 1998 og svo frá júlí 1998 til maí 1999. Síðan byrjaði hann að vinna hjá ÍSAL, 8. júní 1999.

„Ég kom til Íslands 16. ágúst 1996, tuttugu og eins árs gamall,“ segir Kamal. „Ég kom fyrst til að heimsækja bróður minn og fjölskyldu hans. Hann hvatti mig til að koma af því að hér væri opið samfélag, litlar hömlur og mikið frelsi.“

Varð að velja

Kamal er fæddur í Meerut, nánar tiltekið í þorpinu Salarpur sem er í um 70 kílómetra fjarlægð frá Delhi. Í Meerut býr um ein milljón manna. Hann á einn bróður, sem býr á Íslandi eins og áður segir og systur sem býr í Delhi. Hún hefur aldrei komið til Íslands. Fjölskyldan hefur búið þarna mjög lengi, mann fram af manni. Foreldrar þeirra eru bæði látin. „Pabbi var hermaður, en var kominn á eftirlaun og ræktaði ýmiss konar matjurtir. Við gengum í skóla sem var starfræktur af kristnum, á að giska 6-7 kílómetra frá heimilinu.“ Fyrsta námið var samt undir handleiðslu systur hans og síðan bróður. „Þau hafa kennt mér mikið, bæði um það sem tengist námi og lífinu sjálfu.“ Á svæðinu þar sem Kamal bjó, er meirihlutinn hindúar, síðan er múhameðstrúarfólk og lítill

hluti kristnir. „Við gengum í skóla fyrir kristna, af því að það var besti skólinn. Foreldrar okkar lögðu mikla áherslu á að við fengjum góða menntun. Ég kynntist þá dálítið menningu kristinna.“ Síðan lá leiðin í framhaldsskóla og eftir það í háskóla. Þar var Kamal í 2 ár og lagði stund á BA-nám í hagfræði, samfélagsfræði og ensku. „Þá fór ég til Íslands. Ég ætlaði alltaf að ljúka náminu og fór til baka eftir að hafa verið hér í tvö ár, en skipti svo um skoðun. Ég gæti ekki flakkað svona á milli vegna vinnu og skóla. Mér líkaði Ísland betur. Þar fengi ég meira af því sem ég er að leita eftir,“ segir Kamal. Hann byrjaði í Tækniskólanum, en hætti við. „Ég var kominn með fjölskylduna til mín og einhver þurfti að vinna. Það var samt engin tregða hér í kerfinu, ég komst í skólann og það var vel tekið á móti mér. Ég fékk tækifæri, en þurfti að velja.“

Kamal á konu og tvö börn, son sem er fæddur 1999 og dóttur, sem er fædd í desember 2005. „Sonurinn var tveggja ára þegar hann kom en stúlkan er fædd hér. Fjölskylda mín og fjölskylda konunnar minnar þekktust áður. Konan mín er frá þessu sama svæði, um 40 km þaðan sem ég bjó.“ Eiginkona Kamal vann lengi hjá Póstinum, en eftir að starfsstöðinni í Hafnafirði var lokað, hefur hún unnið í Krónunni í hálfu starfi.

Heldur tryggð við heimahagana

Kamal reynir að heimsækja heimahagana einu sinni á ári, en hefur ekki komist þangað frá í desember 2019. Covid hefur komið

hart niður á Indverjum. „Í bylgjunni sem var í mars og apríl á þessu ári var ég alltaf með hnút í maganum þegar ég hringdi út, yfir því hvort ég fengi vondar fréttir.“ Kamal segist reyna að vinna aukavinnu í fríunum með því að taka aukavaktir. „Með því safna ég fríum sem ég get notað til að lengja sumarfrí og þess háttar. Þegar krakkarnir voru yngri fór ég kannski í tveggja til þriggja mánaða frí af því að ég var búinn að lengja fríið með því að vinna aukavaktir. Síðan er gott að geta tekið aukavaktir ef það koma aukaútgjöld sem maður hefur ekki gert ráð fyrir.“

Fjölskyldan hefur ferðast talsvert á Íslandi, ekki síst eftir að Covid byrjaði og fækka þurfti ferðum til Indlands. „Núna förum við mikið dagsferðir og lengri ferðir á sumrin þegar allir eiga frí, förum í nokkurra daga ferðir, erum í sumarhúsum eða hótelum,“ segir Kamal.



Heimili fjölskyldunnar á Indlandi.

Aðaltungumálið á heimaslóðum Kamal er hindí, sem hefur þróast út úr fornmalinu sanskrít. „Það eru 25 eða 26 tungumál í landinu, en síðan eru fjölmargar mállýskur. Það hindí sem er talað í Delhi er allt annað en það hindí sem er talað í Bihar, sem er næsta stórborg. Í 100 kílómetra fjarlægð frá mínum heimbæ, skil ég ekki nema helminginn af því sem sagt er, þótt þar sé líka talað hindí.

Það leynir sér ekki að Kamal líkar vel á Íslandi. Hann segir að börnin séu aðallega Íslendingar, þau þekki ekki annað. Bæði eru enn í heimahúsum, sonurinn er búinn með rafvirkjun og er núna að læra grafíska hönnun. Dóttirin er nýbyrjuð í Verslunarskólanum. „Þau eru bæði miklu meiri Íslendingar en

þeim.“Ég var oftast með orðabók í vasanum. Ef ég skildi ekki hvað fólk sagði, skrifaði ég það niður og fletti því svo upp í orðabókinni um kvöldið, áður en ég fór að sofa. Markmiðið var að skilja útvarpið, ná fréttum og fleira. Eftir eitt ár gat ég bjargað mér, farið í búðir og gert mig skiljanlegan. Eftir tvö ár var ég farinn að geta hlustað á útvarp. Til að byrja með fór ég tvisvar í viku á bókasafnið, fékk lánaðar bækur og las tímarit og Morgunblaðið í bókasafninu. Síðan breyttist þetta þegar netið kom.“

Kamal segist líta bæði á Indland og Ísland sem heimili sitt. „Ég er eins og maður með tvær mæður - tvö föðurlönd. Annað föðurlandið er þar sem ég fæddist og hitt er landið sem ól mig upp. Ég hef ferðast

oft meira á henni að halda með aldrinum. Hún er betri hér. Það er góður aðgangur að góðum læknum á Indlandi, en það er dýrt. Þegar kerfið er þannig, þá er samband sjúklings og læknis öðruvísi. Sjúklingurinn er viðskiptavinur. Læknirinn sendir þann sem getur borgað vel í alls konar próf og selur honum alls konar pillur, af því að hann getur borgað vel. Mér finnst kerfið betra þar sem þú færð nauðsynlega þjónustu hvort sem þú getur borgað eða ekki.“

Hann segist ekki kvíða aðgerðaleysi þegar hann hætti að vinna. „Ég á smá landskika sem ég erfði frá foreldrum mínum og þar á ég hús, ekki langt frá borginni. Yfir veturinn rækta ég kartöflur, gulrætur og svolleiðis. Svo get ég ræktað sykur, hveiti og hrísgrjón yfir regntímann. Það er hægt að rækta allt árið og hægt að fá þrjár til fjórar mismunandi uppskerur yfir árið af sama skikanum. Frá október til mars er þægilegur hiti, 25-30 gráður. Aftur á móti er kalt í desember og janúar, þegar hitinn fer niður í 10-15 gráður. Þá er ég í jakka og heimamenn gera grín að mér; – þú býrð á Íslandi og þér er kalt þegar þú kemur hingað, segja þeir. Í febrúar og mars er hitinn aftur kominn í 25-30 gráður. Í maí, júní og júlí er mjög heitt og mikið um moskító og þá fer malarían og fleiri sjúkdómar að herja á fólk. Monsúntíminn byrjar í enda júní og er til enda ágúst. Það getur rignt fjóra til fimm daga stöðugt og svo koma skúrir á milli.“



Á kvöldin er notalegt að fá sér te eða kaffi úti.

Indverjar. Sonurinn, sem er fæddur á Indlandi, er enn meiri Íslendingur en dóttirin, sem er fædd hér. Við konan mín erum orðin það mikið tengd Íslandi að við sjáum fyrir okkur að skipta tímanum milli Íslands og Indlands. Ég býst við að vinna áfram hér og eiga svo þriggja til fjögurra mánaða frí sem við gætum eytt úti, yfir vetrartímann.“ Kamal segist eiga tækifæri á að fá sex mánaða frí á fimm ára fresti og bætir við, að hjá ÍSAL hafi stjórnendur verið liðlegir og hann sé þakklátur fyrir hve mikinn skilning þeir hafi sýnt aðstæðum hans. „Mér líkar vel að vinna í Straumsvík og hef allan tímann verið í kerskála. Ég lauk Stóriðjuskólanum 2004, lærði mikið þar og það skilaði mér 10-11% hækkun launa.“

Fletti upp í orðabókinni á kvöldin

Maður tekur fljótt eftir því hve góða íslensku Kamal talar og hve vel hann skilur hana. Hann segist fyrst hafa búið hjá fjölskyldu bróður síns í eitt og hálft ár og hafa lært mikið af

miklu meira á Íslandi en á Indlandi, þar hef ég eiginlega bara komið til Delhi, auk heimaslóðanna. Ég hef hitt Íslendinga sem hafa ferðast meira á Indlandi en ég. Tannlæknirinn minn hefur ferðast talsvert um suður Indland. Hann spurði mig einhverra spurninga um suður Indland og ég var alveg blankur. Síðan var ég einhvern tímann í tímum hjá Guðmundi Ólafssyni hagfræðingi, í Háskóla Íslands, og hann vissi miklu meira um marga hluti, sérstaklega í sambandi við sanskrít og tungumálin en ég, Indverjinn.“

Ræktað allt árið

Þótt Kamal sé enn á besta aldri, en hann farinn að hugsa um hvernig fjölskyldan kemur til með að verja tímanum þegar hann hætti að vinna. „Þegar ég var yngri sá ég það þannig fyrir að ég yrði meira á Indlandi, sérstaklega eftir að ég hætti að vinna, en núna er ég farinn að huga að hvorum megin er betri heilbrigðisþjónusta. Fólk þarf

Íslendingar hafa tekið okkur mjög vel

Það eru ekki mjög margir Indverjar á Íslandi núna segir Kamal, en það hafi verið nokkur hópur hér fyrir efnahagshrunið. Þá hafi TCS endurskoðunarfyrirtækið opnað starfsstöð, en flestir hafi farið aftur. „Það er helst að ég



Mangótré og blómaakur.

Hið heilaga fljót Ganga (Ganges) er af hindúum álitð gyðja hreinsunar og fyrirgefningar.



Næring í hádegishlé frá landbúnaðarstörfunum.

sjái fólkið þegar sendiráðið heldur einhverjar samkomur í sambandi við hátíðir, eins og Diwali og fleira.“ Fjölskyldan er með indversk vegabréf, en sé með langtíma landvistarleyfi. Þetta hafi gengið mjög vel og ekki valdið neinum vandræðum.

Hann segir Íslendinga hafa tekið fjölskyldunni mjög vel og hann hafi aldrei

orðið fyrir óþægindum. „Mér fannst ég vera heima um leið og ég kom til Íslands og stundum held ég að ég hafi tengst Íslendingum í fyrra lífi. Íslendingar hafa tekið mér og mínu fólki mjög vel. Ég er mjög þakklátur fyrir það. Það er enginn að skipta sér af, trufla mann eða hafa skoðun á því á hvað maður trúir. Mér finnst líka mjög gott að fólki sé ekki mismunað í almennri umgengni. Ef þú ert næstur í röðinni í búð og það kemur ráðherra inn í búðina, þá ertu áfram næstur í röðinni. Ráðherrann er ekkert tekinn fram fyrir þig. Á vinnustað eins og í Straumsvík, er

stundum verið að atast í fólki, en ekkert meira í mér en mínum jafnöldrum. Framkoma fólks hefur verið mjög góð á vinnustaðnum. Líka frá stjórnendum. Þú færð ákveðin verkefni og þér er treyst fyrir þeim.“

Það er vel þekkt að trúarbrögð gegna miklu hlutverki í indversku samfélagi. Kamal segir þó, að í hans nánasta umhverfi hafi áhrifin ekki verið jafn djúpstæð og víða annars staðar á Indlandi. Hann segir það ekki svo ólíkt því sem hann hafi kynnst á Íslandi. „Margir fara á vissum dögum í kirkju, en hjá okkur fer fólk í hof. Þeir sem eru mjög trúaðir fara kannski einu sinni í viku, en venjulega fer fólk aðallega á sérstökum hátíðum, til að sýna smá þakklæti. Annars er kenningin þannig, að ef þú gerir ekkert rangt, þá er guð með þér. Ef þú gerir eitthvað sem þú átt ekki að gera, þá skiptir ekki máli hversu oft þú ferð á trúarsamkomu, guð er ekki með þér. Það skiptir engu máli hvar þú ert. Guð er með þér ef þú gerir rétt og það skiptir engu máli hvað við köllum hann.“ Faðir Kamal kenndi honum að blanda ekki saman trúarbrögðum og daglegu lífi. „Trúin er fyrir þig sjálfan og ekki blanda henni í daglegt líf. Hann kenndi mér líka að taka sem minnst lán og skulda sem minnst. Þetta tvennt lagði ég á minnið og reyni að fara eftir því.“





Bjarg byggir í Hamranesi

Framkvæmdir Íbúðafélagsins Bjargs, í Hafnarfirði, eru nú komnar á fulla ferð, eftir að nokkrar tafir hafi orðið á, vegna flækjustigs í skipulagsmálum. Bjarg byggir á lóðum við Nónhamar 1-3 og Hringhamar 2 í Hamraneshverfinu, suður af Skarðshlíð í Hafnarfirði.

Byggðar verða 148 íbúðir. Áætlað er að þeim fyrstu verði úthlutað í desember 2022 og síðan verði úthlutað um vorið og aftur

síðsumars 2023. Áformað er að frágangi lóða verði lokið fyrir 1. október 2023.


Svarar uppsafnaðri þörf

Þegar íbúðunum hefur verið úthlutað, mun það væntanlega létta einhverjum þrýstingi af húsnæðismarkaðnum í Hafnarfirði og auka möguleika ungs og efnalítils fólks á að komast í öruggt húsnæði.



Brautryðjenda- starf sem enn stendur fyrir sínu

Næstum þrír áratugir frá því að Verkalýðsfélagið Hlíf hóf baráttu fyrir starfsnámi starfsfólks í Straumsvík



Stóriðjuskólann í Straumsvík þekkja margir og flestir félagsmenn Hlífar sem unnið hafa í álverinu þekkja hann af eigin raun. Margir telja sjálfsagt, að skólinn hafi verið settur á laggirnar að frumkvæði fyrirtækisins, en sú er ekki raunin. Skólinn varð til vegna krafna Verkalýðsfélagsins Hlífar í kjarasamningum og það tók nokkur ár og nokkra kjarasamninga að koma málinu í gegn.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar, þekkir þessa sögu betur en aðrir og hefur haldið saman gögnum um söguna. „Byrjað var að leggja grunn að kröfum um sérhæft starfsnám í álverinu í Straumsvík árið 1993. Fyrirmyndin var sótt til Noregs. Kröfurnar voru fyrst settar fram í samningaviðræðum árið 1995, en náðust ekki fram í það sinn“, segir Kolbeinn. „Í ÍSAL voru tvær starfsmenntanefndir, önnur fyrir iðnaðarmenn og hin fyrir verkafólk. Iðnaðarmenn áttu náttúrulega til námsefni úr iðnnáminu sem hægt var að sækja beint í. Það var ekkert til fyrir okkur verkamennina.“ Kolbeinn segir að leitað hafi verið til Iðntæknistofnunar og fleiri aðila. Vissulega hafi verið til ýmis námskeið, en þau hafi verið gömul og úrelt að mörgu leyti og efnið þurfti að vinna upp á nýtt. „Við Jóhannes Gunnarsson vorum saman í starfsmenntanefnd verkamanna og ræddum mikið okkar í milli hvað hægt væri að gera til að auka fræðslu okkar fólks. Starfsmannaskipti tíðkuðust á

þessum tíma, þannig að farið var að senda fólk héðan til Noregs og þaðan kom fólk hingað. Við komumst þannig í samband við norska kollega okkar og fórum að spyrja þá hvernig þessum málum væri háttað í Noregi. Við fengum hjá þeim talsvert af efni og upplýsingum og segja má að skiptinemar sem fóru héðan til Noregs hafi „smyglað“ námsefni með sér þegar þeir komu til baka. Þannig próaðist þetta smám saman.“

Náðist loks í gegn í kjarasamningi

Það var svo ekki fyrr en í samningum sem voru undirritaðir 10. apríl árið 1997 að málið náðist í gegn í kjarasamningi og var skilgreint sem tilraunaverkefni. Hlíf og fyrirtækið unnu saman að því að skipuleggja námið og var þá byggt á þeirri vinnu sem áður hafði farið fram og meðal annars horft til reynslu Norðmanna. Kannað var, hvort skólakerfið væri í stakk búið og reiðubúið til að taka námið að sér og rætt við Borgarholtsskóla, Iðntækistofnun og Menningar- og fræðslusamband alþýðu. „Þá var farið að leita að fjármögnun“, segir Kolbeinn. „Við sóttum um í Starfsmenntasjóð félagsmálaráðuneytisins – og það voru fleiri með okkur í þessu til að byrja með. Við vildum fá alla stóriðju í landinu sem nýtti 5-600 gráðu hita í framleiðsluna. Íslenska járnblendifélagið og ÍSAL voru með og Steinullarverksmiðjan fylgdist vel með í upphafi. Um þetta leyti varð mikil niðursveifla hjá Járnblendifélaginu, þannig

að það stefndi í lokun um tíma. Fyrirtækið setti verkefnið til hliðar meðan tekist var á við þann vanda. Við buðum Norðuráli að taka þátt í þessu, en þar vildu stjórnendur sinna þessu alfarið á eigin forsendum“, segir Kolbeinn.

Niðurstaðan varð á endanum sú að lokið var við að útfæra námið einungis fyrir ÍSAL. Svo var farið af stað með tilraunaverkefnið. „Við vorum í miklu samstarfi við Iðntæknistofnun og réðum Jón Jól Einarsson sem verkefnisstjóra til að halda utan um það. Við fengum rúmar 12 milljónir úr Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins til að setja verkefnið í gang og hjólin fóru að snúast fyrir alvöru.“

Í námskrá, sem var undirbúin af fulltrúum frá félögum, Iðntækistofnun, fyrirtækinu

Kolbeinn Gunnarsson, núverandi formaður Hlífar, þekkir aðdragandann að stofnun Stóriðjuskólans mjög vel, en hann ásamt Jóhannesi Gunnarssyni voru helstu hvatamenn þess að málinu var hreyft í upphafi og sett í kröfugerð fyrir kjarasamninga.

og Borgarholtsskóla, var gert ráð fyrir 325 kennslustundum, sem skipt var í tvo hluta. Fyrri hlutinn var almennur, þar sem meðal annars var fjallað um mannleg samskipti, tjáningu,

fyrirtækið og þjóðlífið, stærðfræði, eðlisfræði og rafefnafræði. Í síðari hlutanum var farið yfir framleiðsluferfi í stóriðju, tölvutækni og -stýringar, eldföst efni, vélfræði með áherslu á fyrirbyggjandi viðhald og gæðaeftirlit, vistfræði og umhverfismál.

Námið var ætlað starfsmönnum fyrirtækisins og gert ráð fyrir að þeir hefðu verið að minnsta kosti 45 mánuði í starfi áður en þeir hæfu nám. Gert var ráð fyrir að þeir lykju náminu á tveimur árum og fengju að því loknu starfsheitið „stóriðjugreinir“.

Í Vinnunni, tímariti ASÍ, frá nóvember 1998, var fjallað um fyrstu setningu Stóriðjuskólans í september það ár. Á fyrsta starfsári skólans voru 18 starfsmenn í námi. Gengið var út frá að þetta væri tilraun, sem yrði endurmetin í ljósi reynslunnar. Samkomulag verkafélögunanna og ÍSAL um námið fól í sér að öllum starfsmönnum væri frjálst að sækja um. Lykju þeir náminu, voru þeir skuldbundnir til að starfa hjá fyrirtækinu, í sömu deild, að minnsta kosti eitt ár.

Hluti námsins, sem samsvaraði 25 einingum í framhaldsskóla, fór fram á vinnutíma, en hluti í eigin tíma starfsmanna. Þeir skyldu halda reglulegum launum meðan þeir væru í náminu.

Námið metið til launa

Í febrúar 1998 var gengið frá samkomulagi um með hvaða hætti námið skyldi metið til launa. „Það gekk þannig fyrir sig,“ að sögn Kolbeins,

„að þegar gengið var frá þessu í kjarasamningi, var okkur falið að útfæra í samstarfi félagsins og fyrirtækisins með hvaða hætti skyldi umbuna fyrir námið, þegar við sæjum hvert umfangið væri, hvernig þátttakan yrði og hvernig þetta skilaði sér til manna. Ég fundaði reglulega með Sigurði Briem hjá álverinu. Ég var alltaf með í huga að þetta ætti að gefa mönnum um 15% ofan á launin, en Sigurður var frekar á því að þetta væru 3-5%. Um þetta vorum við búnir að þvarga í dálítinn tíma.“ Í samningunum höfðu verið gerðar ýmsar breytingar varðandi launaflokka. Þeim var fækkað úr fimmtán í fjóra. „Á einum fundinum stakk ég upp á að við leystum málið með því að hækka hvern þann sem lyki náminu um einn launaflokk. Sigurður stendur upp, réttir mér höndina og við handsölum þetta, en um leið áttar hann sig á að búið er að breyta launatöflunni. Þar sem áður voru 2-3% á milli launaflokka, voru þau orðin 10,5% hjá dagvinnuönnum, en 9,5% hjá vaktavinnuönnum. Sigurður er stálheiðarlegur og stóð við þetta, þótt það væri byggt á misskilningi í upphafi.“

Sett var á fót prófanefnd, sem í sátu Kolbeinn, einn frá ÍSAL og einn frá Iðntæknistofnun. „Við sáum fljótt að þarna lærðu menn mjög marga, sem þeir höfðu ekki haft tök á áður. Þarna var um að ræða grunnþætti í tölvunotkun og Excel og ýmislegt fleira, sem nýttist þeim bæði í einkalífi og starfi. Það var heilmikill áfangi fyrir marga að fara í gegnum þetta nám.“

Stóriðjuskólinn enn í gangi

Þótt þetta hafi verið tilraunaverkefni til að byrja með, hefur skólinn fest sig í sessi og nýir og nýir hópar farið í gegnum námið. Að sögn Kolbeins hafa flestallir verkamenn suðurfrá lokið náminu. Námsfernið sé uppfært í samræmi við þróun, en grunnurinn sé enn sá sami. „Síðan hefur verið byggt ofan á og nú er kominn Stóriðjuskóli 2. Þar eiga iðnaðarmennirnir aðgang líka. ÍSAL hefur þróað þann hluta sjálf,“ segir Kolbeinn.

Sigurður stendur upp, réttir mér höndina og við handsölum þetta, en um leið áttar hann sig á að búið er að breyta launatöflunni. Þar sem áður voru 2-3% á milli launaflokka, voru þau orðin 10,5% hjá dagvinnuönnum, en 9,5% hjá vaktavinnuönnum.

Kolbeinn segir að Stóriðjuskólinn, það er fyrri hlutinn, hafi næstum alfarið verið að frumkvæði félagsins. Síðan hafi starfsmönnum og félaginu verið ýtt til hliðar, til dæmis í prófanefndinni og utanumhaldinu, þannig að nú sé skólinn næstum alfarið á forræði fyrirtækisins, sem hefur samið við ýmsa um framkvæmd, svo sem Iðnskólann og Borgarholtsskóla.

„Mér finnst að það þyrfti að vera meira samstarf og nauðsynlegt að til sé samstarfsnefnd um málið. Ég held að það sé sterkara að við gerum þetta saman. Menn eru sammála um þetta hafi skipt miklu máli fyrir þróun fyrirtækisins og sumir taka jafnvel svo djúpt í árinna að segja að fyrirtækið væri líklega ekki starfandi í dag ef starfsfólkið hefði ekki búið að þeirri þekkingu sem það fékk með því að ganga í gegnum Stóriðjuskólann“. Kolbeinn segir mörg dæmi um, að þegar upp hafa komið vandamál erlendis, til dæmis vegna straumleysis þannig að frosið hefur í kerjum, hafa verið lánaðir menn héðan til að endurræsa. „Það væri skynsamlegt að opna aftur fyrir samstarfið. Það er farsæla í verkefnum af þessu tagi og rétt að við tökum upp samræður um það, núna þegar fyrir liggur þessi langi kjarasamningur sem léttir á öllum samskiptum og gefur okkur tíma og svigrúm til að ræða önnur mál en bara þau sem snúa að því sem er í umslaginu,“ segir Kolbeinn að lokum.



Vinnan, tímarit ASÍ, fjallaði um stofnun og fyrstu setningu Stóriðjuskólans í nóvember 1998.

KYNNING Á STJÓRNARMÖNNUM

Bæjarstjórnin ber sig saman við nágrannasveitarfélögin – en bara þegar það hentar

Segir Sigríður Þorleifsdóttir, stjórnarmaður í aldarfjórðung Sigríði Þorleifsdóttur, eða Siggu Þorleifs eins og hún er oftast kölluð, þekkja margir Hafnfirðingar

Hún er af rótgrónum hafnfirskum ættum og hefur aldrei búið annars staðar en í Hafnarfirði. Hún hefur lengi haft áhuga á verkalyðsmálum og hefur verið í stjórn í aldarfjórðung, fyrst í stjórn Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar og síðan í stjórn Verkalyðsfélagsins Hlífar, eftir að félögin sameinuðust. Rætur þessa áhuga ná þó líklega mun lengra aftur, því leiða má að því líkur, að lögð hafi verið drög að stofnun Hlífar við eldhúsborðið hjá langafa hennar, Jóhanni Tómassyni.

Sigga er fædd árið 1962 og ólst upp framan af á Hringbrautinni, fyrst númer 35 og síðan 31. Þegar hún var fjórtán ára gömul, flutti fjölskyldan á Vesturvang 12. Sigga er dóttir Þorleifs Guðmundssonar og Hrefnu Einarsdóttur, ein þriggja systkina. Hún var allan sinn grunnskólaaldur í Öldutúnsskóla, þrátt fyrir að flytja í Norðurbæinn, og fór síðan í Flensborg í framhaldinu. Sigga er gift Hjálmari Gunnarssyni, en hann er sonur Ingibjargar Pálsdóttur, sem margir þekkja sem Ingu þýsku, og Gunnars Hjálmarssonar. Hjálmar er líka Hafnfirðingur, alinn upp í Vesturbænum. Sigga og Hjálmar eiga tvær dætur, Hrefnu Lind og Valgerði og tvö barnabörn, Sigríði Jóhönnu og Hjálmar Sigurð.

Djúpar rætur í verkalyðshreyfingunni

Eins og fyrr segir, er Sigríður afkomandi Jóhanns Tómassonar, sem var einn af stofnendum Hlífar. „Mér hefur verið sagt að það hafi verið lögð drög að stofnun

félagsins við eldhúsborðið heima hjá honum, að Austurgötu 32. Jóhann langafi minn var Reykvíkingur, en langamma, Margrét Jónsdóttir, var Hafnfirðingur í húð og hár. Gunnar í Gunnarsbæ var afi hennar og Gunnarssundið er kennt við hann.“

Sigga fór snemma út á vinnumarkaðinn. „Ég byrjaði að vinna í Bæjarútgerðinni og var svo í saltfiski í Hreyfa hjá Júlla heitnum á sumrin. Síðan var ég í Norðurstjórnunni og svo fór ég að eiga börn.“ Hún vann í fiski á fleiri stöðum, „til dæmis á Einarsreitnum hjá Gunna Óla“.

Árið 1989 hóf hún störf á leikskólanum Viðivöllum. „Þar ætlaði ég að vera í stuttan tíma, af því að það vantaði fólk. Þá var ég beðin um að gerast trúnaðarmaður og þá byrjaði þátttökan í verkalyðsmálunum, sem hefur verið óslitin síðan. Guðríður heitin Elíasdóttir, sem þá var formaður Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar, bað mig fljótlega að koma í trúnaðarráð og því fylgdi ýmislegt. Ég fór til dæmis á vikulangt þing hjá ASÍ og líka á þing Verkamannasambandsins.“

Eftir að hafa verið viðloðandi Framtíðina, sem trúnaðarmaður og í trúnaðarráði, hafði Linda Baldursdóttir samband við hana og bað hana að koma með sér í stjórn Framtíðarinnar, því hún hygðist gefa kost á sér í embætti formanns. „Ég samþykkti það og sat í stjórn Framtíðarinnar frá því árið 1996, allt þar til Framtíðin og Hlíf sameinuðust um aldamótin. Síðan þá hef ég setið í stjórn Hlífar.

Þetta er því orðin tuttugu og fimm ára óslitin stjórnarseta.“

Í Framtíðinni segist hún hafa kynnst mörgum merkilegum baráttukonum, til viðbótar við Guðríði og Lindu. „Þarna kynntist ég Þorbjörgu heitinni Samúelsdóttur, sem var stórkostleg kona, Málfríði Þórhallsdóttur, Selmu Ágústsdóttur og Guðrúnu Guðmundsdóttur, svo nokkrar séu nefndar. Þær voru auðvitað miklu fleiri.“

Ég held að félagar úr báðum fyrri einingum hafi grætt á sameiningunni. Þetta voru náttúrulega rótgróin félög og við sameininguna var lögð áhersla á að halda í ræturnar – ekki að byrja upp á nýtt.

Lögð rækt við ræturnar

Sigríður segir að það hafi verið rétt ákvörðun að sameina félögin tvö. Það hafi verið mikil samstaða um það í Framtíðinni, en ef til vill ekki eins mikil eining Hlífar megin. Þar höfðu til dæmis ýmsir starfsmenn í Straumsvík efasemdir um sameininguna. „Ég held að allar efasemdir séu horfnar núna. Engum detti í hug í dag að það hafi verið mistök að sameina félögin. Ég held að félagar úr báðum



fyrri einingum hafi grætt á sameiningunni. Þetta voru náttúrulega rótgróin félög og við sameininguna var lögð áhersla á að halda í ræturnar – ekki að byrja upp á nýtt.“ Sigga segir félagið hafa fylgst vel með tímanum og það hafi brugðist við þeim breytingum sem hafa orðið og séu að verða í samfélaginu. Núna séum við að upplifa mjög róttækar breytingar og það skipti mestu að haldið sé áfram að hlusta á félagsmennina og taka tillit til mismunandi atvinnugreina.

„Framtíðin var orðin lítið félag og við vorum eiginlega allar sammála um að þetta væri skynsamlegt. Ég held að þessi sameining hafi verið mjög góð og er ekki viss um að það hefði verið neitt betra þótt hún hefði verið stærri og fleiri félög komið með. Ég held að Hlíf sé mjög heppileg stærð í dag. Mér finnst sjálfsagt að vinna náð með öðrum, en ég sé ekki endilega fyrir mér frekari sameiningar, að sinni að minnsta kosti. Í stærri einingum er alltaf hætt á að þeir sem eru á jaðri svæðisins gleymist og sömuleiðis litlar einingar. Hér innan húss er svo góð samvinna og góður andi, að ég held að við eigum að halda í það. Stjórnin vinnur vel saman og hefur alltaf gert.“

Þegar Sigga er spurð hvernig hún meti stöðu Hlífar í dag, stendur ekki á svari. „Staðan á félaginu er góð. Ég upplifi það þannig að félagsmennirnir séu ánægðir. Fólk finnst að hlustað sé á það og félagið vinni fyrir fólk þegar það þarf á því að halda.“ Hún segir þetta skila sér í viðhorfum til félagsins. „Þegar fólk er ánægt talar það vel um félagið og það smitar út frá sér, alveg eins og ef fólk talar illa um það.“

Miklar breytingar í gangi

Undanfarið hafa verið gerðar ýmsar breytingar á starfi Hlífar og breytingaferlið stendur enn. Allt er það byggt á miklum og vönduðum undirbúningi, sem fjallað hefur verið um í stjórn á öllum stigum, segir Sigríður. „Breytingarnar sem eru að verða á félaginu og á skrifstofunni held ég að verði allar til bóta. Nýtt félagakerfi mun breyta mjög miklu í þjónustu við félagsmennina. Þeir þurfa ekki nauðsynlega að koma á skrifstofuna til að sinna sínum erindum og þeir sem þurfa eða vilja koma á staðinn, þurfa ekki að klöngrast upp stigana, af því að þjónustan verður á jarðhæðinni. Allt aðgengi fyrir félagsmenn verður miklu einfaldara og skilvirkara, hvort sem fólk kemur á staðinn eða ekki. Svo fylgja þessum breytingum betri vinnuaðstaður og starfsaðstaða fyrir starfsfólkið. Vitað er að starfsfólk sem býr við góða vinnuaðstöðu er ánægðara og skilar betra verki en fólk sem

ekki býr við góðan aðbúnað.“

Að einhverju leyti má gera ráð fyrir að mismunandi sjónarmið og viðhorf séu ríkjandi í gömlu verkakvennafélagi og enn eldra verkamannafélagi. Hvernig ætli Siggú þyki hafa tekist að samræma þessi sjónarmið? „Það hefur tekist mjög vel og eiginlega miklu betur en margir bjuggust við á sínum tíma. Mér finnst þetta alls ekki hafa verið þannig að Hlíf hafi gleypst Framtíðina. Það var vel tekið á móti okkur. Linda varð strax varaformaður og þetta gekk strax vel. Þetta var það besta sem hægt var að gera og ég held að enginn munur sé á Framtíðinni og Hlíf í því sambandi, til lengri tíma lítið.“

Í dag starfar Sigríður á leikskólanum Álfabergi. Hún segir að undanfarið hafi mætt mikið á starfsfólki í leikskólum bæjarins. Skólarnir hafi glímt við manneklu og Covid faraldurinn hafi gert starfsfólki enn erfiðara um vik en ella. Það hafi verið hiti í starfsfólki sem finnst starfinu og starfsfólkinu ekki sýnd nægjanlegur skilningur né virðing. Þetta snúi að launamálum, mönnunarvanda og mismunar á kjörum starfsfólks milli sveitarfélaga. „Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er alltaf að bera sig saman við önnur sveitarfélög þegar það hentar, en ekki þegar það hentar starfsfólkinu. Við fylgjumst vel með því sem er að gerast í öðrum sveitarfélögum. Talsverður munur er á launum. Þar fær fólk hærri grunnlaun og fær ýmsar greiðslur vegna álags sem við fáum ekki hér. Þetta getur munað talverðu fyrir fólk sem er á lágu launum. Í Garðabæ fær fólk hærri laun en hér, þrátt fyrir að vera á nákvæmlega sömu kjarasamningum. Ég veit til þess að starfsfólk hefur fært sig á milli sveitarfélaga vegna þessa,“ segir Sigríður.

Þurfum bara að hlaupa hraðar

Hafnarfjörður hefur kynnt viðbætur í leikskólum í tengslum við fjárhagsáætlun næsta árs. Sigríður segir útfærsluna mælast illa fyrir. „Þeir taka af okkur tvo yfirvinnutíma og hrósa sér svo af því að setja inn fimm yfirvinnutíma. Það er ekki réttlátt. Það er verið að taka úr einum vasa og setja í annan. Tímarnir fimm sem þeir segjast setja inn, eru ekki nema þrír í mínu tilviki, í mínum leikskóla. Munurinn á starfsfólki í Hafnarfirði og Reykjavík í sambærilegu starfi í leikskóla virðist vera um 30 til 35 þúsund krónur – eftir að búið er að setja inn þessa fimm tíma. Það eru talsverðir peningar fyrir fólk á lágu launum.“

Kjarasamningur leikskólastarfsfólks er ekki laus fyrr en haustið 2023. Aðspurð hvort hún telji að hægt verði að fá leiðréttingu á kjörnum áður, segist Sigga ekki viss. Hún segist ekki verða hissa ef stjórnmalámennt ætli að nýta sér þetta í kosningum, setja inn einhverja gulrót rétt fyrir kosningar til að kaupa sér atkvæði. „Það finnst mér vond pólitík. Það á ekki að nota launamál í kosningabaráttu og gera kjaramál starfsfólks að pólitísku bitbeini. Það á að hlúa vel að starfsfólkinu, alltaf, og ekki bara í kosningabaráttu og ekki bara sumum. Hlaðið er undir yfirmenn, stjórnendur og fólk í ráðhúsinu, en ekki almennt starfsfólk, sem þó heldur hlutunum gangandi þegar allt kemur til alls.“ Sigga bætir því við, að síðan sé ekki hægt að útiloka að ef nýir stjórnendur komi í ráðhúsið eftir næstu kosningar, gætu þeir haft annars konar viðhorf til málsins og hækkað launin til samræmis við Reykjavík.“

Í síðustu kjarasamningum var samið um vinnutímastyttingu. Sigríður segir að styttingin hafi tekist mjög misjafnlega milli stofnana bæjarins. „Það er hægt að loka þjónustuverinu á Strandgötunni klukkan tvö á föstudögum vegna vinnutímastyttingar, af því að það er ekki þjónustustofnun. Leikskólanum má aftur á móti aldrei loka af því að hann er þjónustustofnun. Börnin fá enga styttingu vinnutímans og við þurfum að púsla saman dögum og skiptast á að nýta umsamda vinnutímastyttingu, uppfullar af samviskubiti af því að enginn leysir okkur af og það starfsfólk sem eftir er þarf bara að hlaupa hraðar“, segir Sigríður Þorleifsdóttir að lokum.





Nú geta allir reiknað út laun sín á netinu!

Með því að svara nokkrum einföldum spurningum

Valið er á milli þess að lesa 458 bls. og læra á launakerfi eða nota launareiknivél SGS.

- Stéttarfélag** Með því að smella á þitt stéttarfélag og svara nokkrum spurningum þá er hægt að athuga hvort laun og aðrar greiðslur séu í samræmi við kjarasamninga. Einnig eru félagsgjöld mismunandi en öll gjöld koma fram í útreikningi á reiknivél.
- Launagreiðandi** Reiknivélin getur reiknað út laun hjá eftirfarandi launagreiðendum
1. Almennir samningar - 2. Rio Tinto - 3. Sveitarfélög - 4. Ríkið
- Starfsheiti** Reiknivélin geymir öll starfsheiti og allar upplýsingar sem snúa að útreikningi launa. Öll starfsheiti eru tengd réttum kjarasamningi og kaupsöxtum.
- Starfsaldur** Aldur og starfsaldur skipta máli og hér finnur launareiknirinn út hvaða launataxta félagsmaður á að vinna skv.
- Vinnufyrirkomulag** Laun eru reiknuð skv. tímalaunum, mánaðarlaunum eða vaktalaunum. Með því að velja vinnufyrirkomulag þá veit reiknivélin hvernig á að reikna launin og velur reiknivél og aðferðir skv. vali.

Reiknivél launa

Reiknivélin er tengd miðlægum gagnagrunni allra kjarasamninga SGS og finnur út með 5 spurningum hvaða samningi félagsmaður á að vinna eftir.


Starfsgreinasambandið hefur nú í samstarfi við UX design hugbúnaðarfyrtæki látið smíða og þróa mjög fullkomna reiknivél fyrir félagsmenn aðildarféлага SGS. Í reiknivélinni þurfa félagsmenn aðeins að svara nokkrum einföldum spurningum og þá getur launareiknivélin fundið út kjarasamning og reiknað út nákvæm laun til samanburðar við útgefnan launaseðil frá launagreiðanda. Þessi lausn er nú aðgengileg á netinu www.sgs.is og á heimasíðum aðildarféлага fyrir alla þá sem þurfa eða vilja reikna út laun sín skv. samningum SGS.

Settur var saman sérstakur vinnuhópur árið 2019 með það að markmiði að útbúa reiknivél launa á netinu og aðstoða félagsmenn að finna út laun sín með því að einfalda samninga SGS sem eru nú um 458 blaðsíður niður í 5-7 einfaldar spurningar og finnur þá reiknivélin

sjálf út hvaða samningi félagsmaður á að vinna samkvæmt. Þessi smíði var gríðarlega flókin og hefur nú tekið um 2 ár að þróa reiknivélina enda eru allir samningar fyrir ríkið, sveitarfélögin, Rio Tinto og almenna markaðinn í reiknivélinni. Launasamningar kjarasamninga þurfa einnig að hækka á mismunandi tímum, félagsmenn þurfa að fá hækkanir samkvæmt starfsaldri og reglulega koma ný ákvæði inn í reiknivélina.

Notendur eru yfirleitt fólk sem hefur takmarkaða bókhaldsspekingu og reiknivélin þarf að finna réttan kjarasamning og launataxta miðað við starfsaldur og reiknað flóknu launadæmi án nokkurrar mannlegra aðstoðar. Með því að bjóða þessa lausn næst aukin þjónusta fyrir félagsmenn og aukið gagnsæi í launaútreikning því núna þurfa hvorki starfsmenn stéttarféлага, bókarar né félagsmenn að lesa allt að 458 bls. til að vera

með á hreinu hve há laun eiga að vera. Sumir starfsmenn stéttarféлага segja að stéttarfélögin virki stundum eins og bókhaldsskrifstofa. Svo mikið er um útreikninga á launum og þá sérstaklega eftir að hækkanir eða breytingar koma inn í samninga.



Félagsmenn þurfa ekki lengur að blaða í 4 ritum sem eru samtals 458 blaðsíður til að finna út rétt laun.

TÆKNI

Fyrirtæki nota ennþá aðferð frá 1888 til að reikna út vinnustundir

Ef atvinnurekandi notast við skrifaðar tímaskýrslur eða gamaldags stimpilklukku þá er kominn tími til að félagsmaður taki ráðin í sínar hendur og byrji að nota Curio Time appið sem býðst frítt á heimasíðu Hlífar. sjá: www.hlif.is

NÝTT



Willard Le Grand Bundy fann upp stimpilklukkuna árið 1888. Seinna stofnaði hann IBM

Smelltu á einn takka til að sjá tímana og launin!



Reikna laun

Curio Time appið var hannað fyrir atvinnurekendur sem og starfsmenn þeirra en flest eldri tímaskráningaforrit eru einungis hönnuð fyrir þarfar vinnuveitenda.

Árið 1888 koma fyrstu stimpilklukkunnar á markaðinn, klukkur sem skráðu vinnustundir skv. tíma á pappír og þótti tæknin byltingarkennd og nákvæm, ásamt því að spara gríðarlegan tíma. Ekki bjuggu allir svo vel að nota þessa tækni og létu fólk áfram skrá vinnustundir sínar á pappír en á þessum tíma voru réttindi hjá starfsfólki takmörkuð td. hvenær dagvinna átti að hefjast, yfirvinna og hvað þá vaktavinna. Nú 133 árum síðar eru ennþá fjöldamörg íslensk fyrirtæki að notast við þessar tvær aðferðir frá 19 öld.

Hér fyrir neðan er mynd af stimpilklukku frá um 1980 og jú ennþá sama var aðferð frá árinu 1888 notuð. Árið 2021 er ennþá hægt að sjá svona tæki í á hinum ýmsu vinnustöðum.



Það er algjörlega úrelt að skrá vinnustundir með stimpilklukku eða að skrá vinnustundir á pappír miðað við þá tækni sem er komin í dag.

Um aldamótin kom nýjung á markaðinn en það var fingrafaraskanni sem var notaður við inn- og útstimplun. Þessi skanni og flest öll önnur tímaskráningakerfi sem hafa verið framleidd



Fingrafaraskanni frá 2001 sannaði viðveru en veitti starfsmanni enga yfirsýn

hafa verið hugsuð til að þjóna fyrirtækinu og að sanna viðveru starfsmanns td. með fingrafari eða með augnskönnun en lítið nýtt hefur verið boðið upp á fyrir starfsmann td. að sjá útreikning á vinnutíma sínum yfir mánuðinn og hvað þá að sjá útreikning á launum. Framleiðendur tímaskráningarkerfa virðast því ekkert velja því fyrir sér hvort starfsmaður þurfi að fá einhverja yfirsýn yfir unnar vinnustundir.

Með því að halda í þessar gömlu aðferðir geta fyrirtæki auðveldlega hagrætt sannleikanum um vinnutíma og þannig oft á tíðum svikið starfsmenn sína um laun sem þeir hefðu átt að fá skv. kjarasamningi.

Mismunurinn er því mikill á því að skrá tíma í app eins og Curio time appið og því að notast

við aðferðir frá 1888. Hingað til hafa starfsmenn þurft að reiða sig á launafulltrúa fyrirtækis eða farið til einhvers sem hefur kunnáttu til að reikna laun til að kanna hvort laun séu rétt reiknuð eða þurft að fara með öll gögn til síns stéttarfélags og látið starfsmenn þar aðstoða sig við útreikninginn. Mikið af þessari vinnu er úr sögunni ef starfsmaður notast við App eins og Curio Time Appið sem er tengt launareiknivél Starfsgreinasambandsins. Starfsmenn hafa aðgang að tímaskýrslum sínum, geta leiðrétt og lagað tímaskráningu, fengið senda tímaskýrslu sem PDF á sig til að bera saman við tímaskráningu fyrirtækis eða til að senda til launafulltrúa. Í appinu er einnig takki sem reiknar út nákvæm laun félagsmanns miðað við tímaskráningu og kjarasamning. Allir samningar ásamt framtíðar hækkunum í kjarasamning eru tengdir "Reikna laun" takkanum og ef eitthvað ber í milli útreikningi launa frá atvinnurekanda og í appinu þá getur félagsmaður áfram haft samband við sitt stéttarfélag og fengið aðstoð í að fá leiðréttingu launa sinna. Einnig er hægt að skrá verkefni og stimpla sig á milli verkefna án þess að þurfa að skrá sig úr vinnu. Á bak við appið eru svo allar þær reiknireglur sem Hlíf hefur innsett á skráningasíðu en öll óvissa um skráðar vinnustundir og útborguð laun verður úr sögunni fyrir þá sem skrá tíma sína í app eins og Curio Time Appið. **Niðurhal á www.hlif.is**

Hátt í tuttugu milljónir í fræðslustyrki til einstaklinga

Lísbet Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Starfsafls skrifar



Félagsmenn Verkalýðsfélagsins Hlífar sem starfa á almennum vinnumarkaði (hjá fyrirtækjum) njóta þeirra kjarasamningsbundnu réttinda að geta sótt um styrk til Starfsafls starfsmenntasjóðs vegna starfsmenntunar samkvæmt þeim reglum sem um það gilda. Verkalýðsfélagið sér um alla umsýslu fræðslustyrkja fyrir Starfsafl, móttöku umsókna og afgreiðslu styrkja. Þetta þekkja flestir félagsmenn ágætlega og hafa nýtt sér vel.

Síðastliðin ár hafa greiddir styrkir til einstaklinga verið vel á annan tug milljóna og á þessu ári má gera ráð fyrir um 18 milljónum króna. Á bak við þessa fjárhæð er fjöldi einstaklinga sem sótt hefur sér alls konar fræðslu, styttri námskeið og nám til aukinnar starfsmenntunar.

Fyrirtækin eiga líka rétt

Það sem færri vita hins vegar er að fyrirtækin sem félagsmenn Verkalýðsfélagsins Hlífar starfa hjá, eiga líka rétt hjá starfsmenntasjóðnum og geta sótt um endurgreiðslu vegna fræðslu sinna starfsmanna. Hægt er að sækja um styrk vegna starfstengdrar fræðslu, áskriftar að stafrænu námsumhverfi, gerð námsefnis og markþjálfunar, svo dæmi séu tekin.

Nokkrar reglur eru til grundvallar:

- Öll fyrirtæki, óháð stærð, geta sótt um allt að 3 milljónir króna á ári.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en 90% af reikningi.
- Styrkur vegna einstaklingsnáms starfsmanns er 90% af reikningi og aldrei hærri en 300.000 krónur.
- Fyrirtæki utan Samtaka atvinnulífsins fá örlítið lægri styrk en þau fyrirtæki sem eru í aðild, eða 90% af 90%.

Teljandi eru á fingrum annarrar handar þau fyrirtæki sem fullnýta rétt sinn á hverju ári og því er heilmikið svigrúm fyrir fyrirtæki til að gera betur vegna sinna starfsmanna og fjárfesta í sínu fólki.

Ef fyrirtæki greiðir nám eða námskeið fyrir starfsmann, til dæmis vinnuvélaréttindi, tölvulæsi, íslensku eða hvað annað sem telst til starfsmenntunar, þá getur fyrirtækið fengið allt að 90% endurgreiðslu af reikningi. Eina skilyrðið er að viðkomandi starfsmaður sé starfandi hjá fyrirtækinu þegar námið er sótt og reikningurinn er greiddur. Námskeið af þessu tagi kosta alla jafn undir hámarki vegna einstaklingsnáms og því gildir 90% endurgreiðsla.

Fyrirtækin sem félagsmenn Verkalýðsfélagsins Hlífar starfa hjá, eiga líka rétt hjá starfsmenntasjóðnum og geta sótt um endurgreiðslu

Ef fyrirtæki greiðir nám sem telst til dýrara náms, svo sem meirapróf fyrir starfsmann sem kostar meira en hámark vegna einstaklingsnáms, þá getur fyrirtækið fengið styrk fyrir hluta, eða 300.000 krónur að hámarki.

Hægt að kaupa námskeið fyrir hóp

Fyrirtækið getur jafnframt keypt inn námskeið fyrir hóp af starfsfólki og þá gildir sú regla að styrkur er 90% af reikningi og tekur hlutfallslega til þess starfsfólks sem er í Verkalýðsfélaginu Hlíf. Starfsafl gætir þess síðan að fyrirtækið þurfi ekki að liggja of lengi úti með sitt fé og greiðir alla styrki innan 5 virkra daga, ef öll tilskilin gögn fylgja umsókn. Það er því mikilvægt að gæta þess að vanda umsóknina og huga vel að fylgigögnum. Fyrirtæki þurfa sérstaklega að hafa eftirfarandi í

huga þegar sótt er um styrk til Starfsafls:

- Aldrei má innheimta kostnað vegna námskeiðs, af starfsfólki, sem fyrirtækið hefur greitt og fengið styrk fyrir.
- Þau fyrirtæki sem fá styrk úr sjóðnum þurfa að upplýsa starfsfólk sem á í hlut um þann styrk enda hvílir styrkur á kjarasamningsbundnum rétti starfsfólks.

Starfsmenntun og starfsþróun starfsmanna er ekki einhliða ákvörðun stjórnenda heldur samtal á milli beggja aðila en þarf sannarlega að taka mið af því umhverfi sem starfað er í. Því er það svo mikilvægt að hafa fræðslustefnu sem styður við starfsmenntun svo frumkvæði að fræðslu geti komið bæði frá starfsfólki og stjórnendum.

„Starfsmaður fyrirtækis getur sannarlega átt frumkvæðið og óskað eftir því að fyrirtækið greiði starfstengt nám eða námskeið fyrir sig. Fyrirtækið sækir síðan um endurgreiðslu á reikningi til Starfsafls og lágmarkar þannig sinn kostnað.“

Af hverju ætti fyrirtæki að sækja um styrk vegna starfsmanns?

Fyrir utan það augljósa að auka hæfni og getu innan fyrirtækisins og fjárfesta í sínum mannauði, þá er mun einfaldra fyrir fyrirtækið að sækja um heldur en fyrir starfsmanninn.

Einstaklingur: Starfsmaður í fullu starfi getur sótt um 130.000 króna styrk á ári eða safnað rétti í 3 ár og fengið að hámarki 390.000 krónur.

Fyrirtæki: Hjá fyrirtækinu myndast fullur réttur sjálfkrafa um leið og launatengd gjöld starfsmanns eru greidd. Það þýðir að fyrirtækið getur fengið 300.000 króna styrk fyrir sinn starfsmann um það bil mánuði eftir að hann hefur hafið störf. Einfaldara getur þetta ekki verið. Áhugasamir geta kynnt sér allar reglur nánar á www.starfsafl.is – þar má enn fremur finna ýmsan fróðleik, skapalón fyrir fræðsluáætlun og margt fleira.

Um Starfsafl

Starfsafl – starfsmennt Samtaka atvinnulífsins, Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, varð til í tengslum við kjarasamninga vorið 2000. Þá var samið um stofnun sérstaks sjóðs sem ætlað er að byggja upp menntun almennra starfsmanna fyrirtækja. Tekjur sjóðsins eru samningsbundin gjöld atvinnurekenda (starfsmenntaiðgjald) til sjóðsins, eins og um semst á hverjum tíma.

Pegar gist er í Stykkishólmi er gaman að keyra þjóðgarðinn á Snæfellsnesi og stoppa að Djúpalónssandi en þar er malarvík með mörgum furðulegum klettamyndunum. Þar eru fjórir aflraunasteinar sem liggja undir kletti þegar komið er niður á ströndina en vinsælt er að reyna krafta sína á steininum. Breskur togari, Epine GY 7 frá Grímsby, fyrst í aftakaveðri fyrir utan Djúpalónssand í mars árið 1948 og er enn töluvert af braki í fjörinni til að skoða.

Prettán orlofshús og orlofsíbúðir Hlífar

Orlofseignir félagsins njóta stöðugra og vaxandi vinsælda og eru fullnýttar nánast allt árið. Næstum undantekningarlaust er fólk í þeim um helgar að vetri til og nær sér þannig í stutt vetrarorlof til að skipta um umhverfi, hvílast og hlaða rafhlöðurnar. Ásóknin hefur verið slík, að oft hefur þurft að vísa áhugasömum félagsmönnum frá. Þess vegna skiptir öllu máli að panta tímanlega.

Tíu orlofshús víða um land

Félagið á alls tíu orlofshús og þrjár orlofsíbúðir. Tvö hús eru í Vaðnesi í Grímsnesi, tvö í Ölfusborgum við Hveragerði, fjögur í Munaðarnesi og tvö í Stykkishólmi. Annað húsið í Stykkishólmi hefur undanfarin ár verið í fastri vetrarleigu.

Orlofsíbúðirnar þrjár eru við Furulund á Akureyri. Þær geta líka hentað námsmönnum og hafa tvær þeirra sum árin verið leigðar námsfólki yfir veturinn. Rétt er að benda félagsmönnum á þennan möguleika, ef þeir eða börn þeirra hyggja á nám norðan heiða.

Áframfærðarsvæði félagsins í Kolási í Munaðarnesi, þar sem nú eru fjórar eignir, er stefnt að því að fjölga um allt að tvö hús á komandi árum.

Allar orlofseignirnar eru vel útbúnar, meðal annars með sjónvarpi, DVD-spilara, hljómtækjum og öllum tækjum og tólum sem fólk vill almennt hafa í orlofseignum.

Heitir pottar og gasgrill eru við öll hús.

Verð og skilmálar

Vikuleiga á orlofshúsi, frá föstudegi til föstudags, er 26.000 krónur, en 32.000 krónur á Kolási 13. Helgarleiga, frá föstudegi til sunnudags, er 18.000 krónur, en 21.000 krónur á Kolási 13. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um fjárhæð leigu á Kolási 9 - 11.

Virka vetrardaga fá eldri borgarar og öryrkjar sérstök afsláttarkjör.

Dýrahald er bannað í öllum orlofseignum félagsins.

Orlofseignunum ber að skila á réttum tíma, vel ræstum og hreinum að dvöl lokinni.

Ölfusborgir, við Hveragerði

Hús númer 17 og 35



Þrjú svefnherbergi. Svefnaðstaða og sængur og koddar eru fyrir 6 manns í hvoru húsi. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur, en bent er á að hægt er að fá leigð rúmföt í þjónustumiðstöð.

Í hvoru húsi er; borðbúnaður fyrir 8 manns, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur. Húsin hafa nýlega verið stækkuð með garðskála sem er góð viðbót.

Í Ölfusborgum geta leigjendur keypt aðgang að neti og áskrift að sjónvarpsstöðvum, sem greiða þarf með greiðslukorti.

Stutt er í sund og verslanir í Hveragerði og á Selfossi.

Afhending og skil lykla í lyklaboxi við orlofshús.

Vaðnes, í Grímsnesi

Kjarrbraut 8 og 10

Þrjú svefnherbergi. Svefnaðstaða og sængur og koddar eru fyrir 7 manns í hvoru húsi.



Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í hvoru húsi er; borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Húsið á Kjarrbraut 8 er með aðgengi fyrir hjólastóla.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.



Stykkishólmur

Borgarhlíð 2 og 4

Tvö svefnherbergi. Svefnaðstaða og sængur og koddar eru fyrir 7 manns í hvoru húsi. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í húsinu er; borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.



Munaðarnes, í Borgarfirði

Kolás 12

Svefnaðstaða og sængur og koddar eru fyrir 7 manns í premur herbergjum. Einnig er svefnloft yfir hálfu húsinu, þar sem nokkrir geta sofð. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í húsinu er; borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.

Kolás 9-11

Byggingarnar í Kolási 9 og 11 hafa ekki verið aðlagðar að þörfum félagsmanna, þannig að ekki er hægt að kveða upp úr með fjölda svefnrýma og þess háttar. Þó er ljóst að þar verður aðstaða fyrir stórar fjölskyldur, eins og lýsing eignarinnar annars staðar í blaðinu ber með sér.



Kolás 12

Þrjú svefnherbergi. Svefnaðstaða og sængur og koddar eru fyrir 7 manns. Einnig er svefnloft yfir hálfu húsinu, þar sem nokkrir geta sofð. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í húsinu er; borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.



Kolás 12 A

Þrjú svefnherbergi. Svefnaðstaða er fyrir 7 manns og sængur og koddar fyrir 8 manns. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í húsinu er; borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.

Kolás 13

Fimm svefnherbergi. Svefnaðstaða er fyrir 10-12 manns í 9 rúmunum og sængur og koddar fyrir 10 manns. Auk þess er hægt að bæta við dýnum á gólf.

Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í húsinu er; borðbúnaður, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.



Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.

Vegna þess hve húsið er stórt og hve marga það rúmar, er leiguverð örlitlu hærra en í öðrum húsum, 32.000 krónur fyrir vikuna og helgarleiga 21.000 krónur.



Akureyri

Furulundur 10N og 10R

Hvor íbúð er þriggja herbergja. Svefnaðstaða og sængur og koddar fyrir fjóra. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur, en bent er á að hægt er að fá rúmföt leigð hjá Securitas á Akureyri.

Íbúðir 10N og 10R eru á jarðhæð. Þær eru með verönd og hægt að ganga beint út í garð.

Þvottavél er í sameign.

Í hvorri íbúð eru meðal annars; borðbúnaður,



eldavél, örbylgjuofn, ísskápur, ferðarúm og barnarúm, sem er mögulega geymt í geymslu. Gasgrill er í geymslu.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari og hljómtæki með geislaspilara.

Umsjón með íbúðunum hefur Securitas-Akureyri ehf., Tryggvabraut 10, sími 460 6261. Afhending og skil lykla eru hjá Securitas.

Aðalhúsið og geymsluhúsið á hægri hönd. Eins og sjá má er mikill gróður á svæðinu.

Enn bætist við í Kolási

Hlíf festi nýverið kaup á Kolási 9-11 í Munaðarnesi og hefur þannig tryggt sér eignarhald á öllu svæðinu

Síðastliðið haust bætti félagið enn við húsakostinn í Kolási í Munaðarnesi, þegar það festi kaup á Kolási 9-11. Um er að ræða eitt ríflega 70 fermetra hús, auk 41 fermetra gestahúss og 23 fermetra geymslu, sem hefur verið útbúið sem svefnrými. Húsin eru staðsett í sama botnlanga og hin hús félagsins í Kolási, innan við Kolás 12. Með þessu er félagið enn að styrkja stöðu sína á svæðinu, því til viðbótar við þessa eign og húsin þrjú sem félagið átti fyrir, er auðveldlega hægt að bæta við tveimur húsum á því landi sem félagið á núna, jafnvel fjórum. Þarna er því framtíðarsvæði félagsins.

Möguleikar á fjölbreyttri nýtingu

Ljóst er að miklir möguleikar liggja í nýtingu nýju húsanna, þar sem um er að ræða svefnrými í þremur aðgreindum húsum. Húsin fara í útleigu þegar búið verður er að aðlagja þau að þörfum félagsins. Það verður væntanlega með vorinu, hugsanlega um páska, ef vel gengur.



Innan úr sólstofunni. Gestahúsið í baksýn.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar er afar ánægður með kaupin. „Mér finnst skipta

gríðarlega miklu máli að nú eigum við allt þetta svæði og þurfum ekki að deila því með öðrum, þótt fyrrverandi eigendur hafi verið mjög góðir nágrannar. Ég sé fyrir mér að í þessari nýju einingu geti auðveldlega verið 8-10 manns. Í litla geymsluhúsinu em stendur við aðalhúsið er svefnaðstaða fyrir tvo og gestahúsið er í raun fullbúið sumarhús, með baðherbergi, tveimur svefnherbergjum og eldunaraðstöðu.“

Að sögn Kolbeins eru möguleikarnir á nýtingu á nýju eigninni mjög fjölbreyttir. „Þarna sér maður fyrir sér að tvenn hjón gætu verið saman og skipt með sér húsum, foreldrar með unglinga eða uppkomin börn, jafnvel með kærasta eða kærustu og börn, þannig að á sama tíma og fólk getur verið saman, getur það líka verið út af fyrir sig.“

Aðgangur að aðstöðunni í Munaðarnesi

Kolbeinn segir að leikandi sé hægt að bæta við tveimur til fjórum húsum á svæðinu. Félagið á þarna tvo hektara (20.000 fermetra) sem eru óhreyfðir. „Miðað við stærð félagsins og fjölda félagsmanna ættum við að vera mjög vel sett með tvö hús til viðbótar á svæðinu, þótt þau gætu jafnvel orðið fleiri síðar“, segir Kolbeinn. Fyrir neðan eru síðan góðir grannar, BSRB. „Við höfum verið í góðu sambandi við þá sem eiga og halda utan um það svæði. Okkar gestir mega nota leiksvæði og allt það sem orlofsbyggð BSRB í Munaðarnesi hefur upp á að bjóða.“ Að sögn Kolbeins er í farvatninu að gera samning um afnotin, meðal annars þannig að á móti fullum aðgangi okkar fólks, taki Hlíf sanngjarnan þátt

í kostnaði við viðhald. „Það er auðvitað bæði sanngjarnt og eðlilegt og sparar okkur að þurfa að byggja upp sjálfstætt leiksvæði. Þarna er mini-golf, körfuboltaaðstaða og fleira sem við höfum nú fullan aðgang að.“



Geymsluhúsið. Þar hefur verið útbúið svefnstæði fyrir tvo.

Til viðbótar við þetta, er í gangi ýmis vinna á svæðinu, svo sem jarðvegsskipti og vegabætur, auk þess sem unnið er að lokafrágangi nýs rafmagnshlíðs inn á svæðið, sem uppfyllir nútímakröfur. Margt spennandi er því fram undan í Kolási.



Gestahúsið, séð af palli aðalhússins.

Ný og glæsileg móttaka á jarðhæðinni



Svona mun húsið líta út þegar lokið hefur verið við merkingar. Aðalinngangurinn verður um dyrnar í rauða rammanum.

Þessa dagana er Verkalýðsfélagið HLÍF að taka í notkun nýja aðstöðu fyrir hluta af starfsemi félagsins. Um er að ræða húsnæðið á jarðhæð hússins að Reykjavíkurvegi 64 í Hafnarfirði, þar sem áður var verslun Fjallakofans. Þarna verða móttakan, afgreiðsla og umsýsla styrkja og orlofshúsa og Virk ráðgjafarnir.

Aðgengi að nýju afgreiðslunni verður mun betra en verið hefur hingað til. Hún er á


jarðhæð og sérstaklega hefur verið hugað að aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Gengið er frá allri vinnuaðstöðu starfsfólks miðað við að hægt sé að tryggja ítrustu kröfur um persónuvernd og trúnað í samskiptum og meðferð gagna. Innangengt verður á milli hæða.

Stórbætt aðstaða fyrir félagsmenn og starfsfólk

Á jarðhæðinni hefur auk þessa verið útbúin

fullkomin aðstaða fyrir minni fundi, svo sem stjórnarfundir og aðra tilfallandi fundi. Í fundarsalnum er fjarfundabúnaður af fullkomnustu gerð.

Nýja aðstaðan mun ekki einungis breyta aðgengi og aðstöðu fyrir þá félagsmenn sem sækja þjónustu á skrifstofunni, heldur einnig fyrir starfsfólkið.



Mikill munur er á vinnuaðstöðu Valborgar eftir breytingarnar.



Afgreiðslan og skiptiborðið.



Fundasalurinn er vel búinn tækjum og húsgögnum.



Veggir eru að sjálfsögðu málaðir í merkjalitum HLÍfar.



Rýmið inn af móttökunni og fyrir framan skrifstofurnar er bjart og rúmgott.



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF

Spennandi að fá að taka þátt í umbyltingunni á starfi félagsins

Segir Gundega Jaunlinina, nýr starfsmaður á skrifstofu Hlífar



Skrifstofu Hlífar bættist öflugur liðsauki í lok september, þegar Gundega Jaunlinina hóf störf þar. Hún mun sinna fjölbreyttum viðfangsefnum, móttöku félagsmanna, afgreiðslu styrkja, ráðgjöf í kjaramálum og túlkun kjarasamninga og öðru sem til fellur. Gundega er fædd í Riga í Lettlandi árið 1986, en fluttist til Íslands árið 2004. Hún starfaði í leikskólanum Stekkjarási frá 2007, allt þar til hún fór í fæðingarorlof á síðasta ári.

„Ég er menntuð klassískur listmálari“, segir Gundega. „Ég gat nýtt þá menntun heilmikið í leikskólanum, en það var kominn tími á að skipta um starfsvettvang. Þegar ég fékk tækifæri til að hefja störf hér á skrifstofunni, þurfti ég ekki að hugsa mig lengi um.“

Byrjaði sem trúnaðarmaður

Gundega var lengi trúnaðarmaður starfsfólks í leikskólanum og áhuginn á verkalýðsmálum kviknaði í tengslum við það. Hún tók sæti í stjórn Hlífar 2012. „Ég hef reynt að vera virkur stjórnarmaður. Ég hef mikinn áhuga á verkalýðshreyfingunni og uppbyggingu hennar á Íslandi. Mér finnst hún algerlega mögnuð, samanborið við það sem ég þekki annars staðar frá.“ Gundega er í stjórn ASÍ-UNG og hefur gegnt formennsku þar um nokkurn tíma. Í krafti þess situr hún sem áheyrnarfulltrúi í miðstjórn ASÍ og segir að þetta hafi opnað henni ýmsar dyr inn í landshreyfinguna. „Ég er í stjórn Bjargs, íbúðafélags, og í stjórn fulltrúaráðs Gildis. Síðan á ég sæti í ýmsum nefndum ASÍ.“

Að loknu fæðingarorlofi í september hóf Gundega störf á skrifstofu Hlífar. „Mér finnst þetta mjög spennandi og góð upplifun hingað til. Mér finnst ég strax vera orðin hluti af þeim öfluga hópi sem er fyrir á skrifstofunni og fá að taka þátt í spennandi verkefnum. Ég fæ að koma mínum skoðunum og sjónarmiðum á framfæri og taka virkan þátt í daglegu starfi félagsins. Það lætur manni líða vel í starfi, þegar manni er treyst fyrir krefjandi verkefnum.“

Vill áfram sinna verkalýðsmálum

Gundega sér fyrir sér að halda áfram að sinna verkalýðsmálum, bæði í vinnunni og í sínum eigin tíma. „Mér finnst þetta ótrúlega gaman og áhugavert. Ekki þannig að ég sé að stefna eitthvað lengra en orðið er, alveg á næstunni, en kannski einhvern tíma í framtíðinni“, segir hún.

Gundega segir að félagið hafi breyst talsvert á þeim tíma sem hún hefur verið í stjórninni. „Á síðustu misserum hefur félagið vaxið gríðarlega og tekið stökk fram á við. Starfið, upplýsingaflæðið, tengslin við félagsmenn, sýnileiki og þjónusta við félagsmenn. Nýja félagakerfið sem við erum að taka í notkun um og eftir áramótin á eftir að verða stórt stökk fram á við fyrir félagsmennina. Síðan kemur þessi viðbót við húsnæði félagsins, sem er verið að taka í notkun, til með að breyta mjög miklu. Ég er mjög ánægð með að fá að taka þátt í þessari umbyltingu á starfi félagsins“, segir Gundega að lokum.



ORLOFSHÚS HLÍFAR

RÁÐSTAFANIR VEGNA COVID-19

Heimsfaraldurinn hefur haft nokkur áhrif á útleigu orlofseigna félagsins. Vegna faraldursins hefur öllum orlofseignunum tvívegis verið lokað tímabundið, að tilmælum sóttvarnaryfirvalda. Ekki er hægt að útiloka að það verði gert oftar í náinni framtíð, allt þar til tekist hefur að ná tökum á faraldrinum.

Allnokkuð hefur verið leitað eftir því að fá húsin leigð til að nýta sem sóttkví, en það hefur ekki verið samþykkt.

Fólk er beðið um að fylgja leiðbeiningum um smitvarnir í húsunum, að spritta reglulega þá fleti sem fólk snertir og að þrifa sérstaklega vel við brottför. Jafnframt er skynsamlegt að sótthreinsa sem mest við komu til öryggis – svo sem dyrhúna, handföng vatnskрана og aðra algenga snertifleti.

Mínar síður í loftið

Stórt stökk í þjónustu við félagsmenn



Guðmundur Rúnar fer yfir orlofskerfið með Valborgu og Gundegu

Nú í kringum áramótin verður bylting í þjónustu Verkalýðsfélagsins Hlífar við félagsmenn. Þá verður sett í loftið ný tenging við mínar síður, þar sem hver félagsmaður getur, hvar og hvenær sem er, nálgast upplýsingar um réttindi í þeim sjóðum sem tengjast veru hans í Hlíf. Hægt verður að sækja um flesta styrki beint á mínum síðum og hægt að nálgast upplýsingar um þær greiðslur sem félagsmaður hefur fengið frá félaginu.

Á mínum síðum verður aðgangur að upplýsingum um inngreiðslur frá atvinnurekendum, auk yfirlita og launamiða vegna fyrri styrkja. Auk þess að sækja um styrki, verður hægt að ganga frá bókunum vegna leigu orlofshúsa og mörgu öðru, á mínum síðum.

Innskráning

Félagsmaður skráir sig inn á mínar síður af heimasíðu félagsins og notar til þess rafræn skilríki eða íslykil. Þá opnast gluggi þar sem er að finna flipa fyrir flest undirkerfi, svo sem alla styrki sjúkrasjóðs, yfirlit yfir sjúkradagpeninga, orlofsleigur, viðskipti við vefverslun, iðgjaldasögu, félagsmannasjóð og svo framvegis. Kerfið fyrir mínar síður er beintengt við þjóðskrá, en félagsmaðurinn sjálfur getur sett inn eða breytt upplýsingum um símanúmer, netfang og bankareikning. Jafnframt er hægt að skrá annað pósthaf ef félagsmaður hefur aðsetur annars staðar en á lögheimili.

Fjöldmörg tungumál


Þegar aðgangur verður opnaður að mínum síðum verða þær á alla vega sjö tungumálum: Íslensku, ensku, pólsku, tékknesku, rúmensku,

litháísku og serbnesku/króatísku. Unnið er að spænski þýðingu. Um 4.000 orð og hugtök eru þýdd á þessi tungumál. Það þýðir, að flestir félagsmenn munu geta leigt orlofshús og -íbúðir, sótt um sjúkra- og menntastyrki og leitað upplýsinga á mínum síðum – á sínu móðurmáli.

Langt þróunarferli

Lausnir af þessu tagi byggja á því að upplýsingakerfið og gagnagrunnurinn sem mínar síður sækja upplýsingar í, haldi utan um allar inn- og útgreiðslur hvers félagsmanns, sundurliðaðar og aftur í tímann.

Síðastliðin tvö ár hefur Verkalýðsfélagið Hlíf kannað kosti og galla ýmissa lausna í þessu sambandi. „Eftir að hafa kynnt okkur vel hvað er í boði erum við ekki í nokkrum vafa“, segir Guðmundur Rúnar Árnason, framvæmdastjóri



Svona líta mínar síður út hjá félagsmanninum

Hlífar. „Tótal félagakerfið hefur verið þróað sem heildarlausn frá upphafi, utan um þarfir AFLs á Austurlandi, en það verkalyðsfélag er um flest sambærilegt við Hlíf. Eftir að okkur gafst kostur á að fá aðgang að því, var teningunum kastað. AFL sýnir okkur mikið traust með því að gefa okkur, fyrstu félaga, aðgang að Tótal, þessu fullkomna félagakerfi.“

Flest önnur félagakerfi eru þróuð til annarra nota, en aðlöguð þessum þörfum með sérlausnum. „Það segir sig sjálft að það takmarkar möguleikana. Hér erum við með félagakerfi sem er búið til, gagnert til að halda utan um og bregðast við þörfum félagsmanna og starfsfólks,” segir Guðmundur Rúnar.

Öflugt vinnutæki fyrir starfsfólk

Nýja Tótal félagakerfið er ekki einungis til hagsbóta fyrir félagsmenn, því það er einnig öflugt vinnutæki fyrir starfsfólk félagsins, sem getur á svipstundu kallað fram fjölbreyttar upplýsingar um einstaka félagsmenn, fyrirtæki, atvinnugreinar og annað það sem á þarf að halda. Starfsfólk hefur beinan aðgang að stýringum, til dæmis varðandi bókanir orlofshúsa og þess háttar. Tótal félagakerfið tengist bókhaldi félagsins beint, þannig að allar

inn- og útgreiðslur tengdar sjóðum félagsins bókast jafnóðum.

Aukin bein tengsl við félagsmenn

Tengslið við félagsmenn munu aukast verulega eftir því sem kerfið verður lengur í notkun. Ekki er mögulegt að hafa samskipti í gegnum mínar síður nema skrá tengiliðaupplýsingar. Það er meðal annars nauðsynlegt til að félagið geti upplýst um afgreiðslur og greiðslu styrkja til félagsmanna, sem fá tölvupóst og/eða smáskilaboð, til dæmis um leið og mál hefur verið afgreitt eða í ljós kemur að gögn vantar. Það gefur félaginu færi á að vera í beinni og markvissari tengslum við félagana.

Innleiðing og kynning framundan

Mínar síður verða kynntar með bæklingum á öllum þeim tungumálum sem kerfið vinnur á, auk kynninga á heimasíðu Hlífar og Facebooksíðu félagsins.

Það er mikil vinna að taka upp og innleiða nýjung af þessu tagi. „Við starfsfólkið erum eins og börn að biðja eftir jólnum,” segir Guðmundur Rúnar. „Slík er tilhlökkunin. Svo blandast hún saman við eftirvæntingu vegna ýmissa annarra breytinga á skrifstofunni.“

Allt viðhald fasteigna

TRÉSMÍÐJAN OKKAR EHF.

Reykjavíkurvegi 64,
Hafnarfirði, s. 894 4025

Veislur &
Fagnaðir



PINNA & TAPASRÉTTIR

Nú gefst þér tækifæri til að gleðja starfsfélaga, fjölskyldu og vini með konunglegum pinnamat frá Veislulist



Pinna- og tapasréttir eru afgreiddir á einnota fötum, klárt fyrir veisluborð.

Næst þegar þið þurfið smurt brauð, pinna eða tapasrétti fyrir veisluna eða annan mannfagnað, hafið þá samband og fáðu tilboð í veitingarnar þínar.


Sjá verð og verðdæmi
á heimasíðu okkar
www.veislulist.is

S: 555 1810

PANTIÐ TÍMANLEGA
veislulist@veislulist.is

Veislulist

Hólshraun 3 • 220 Hafnarfjörður • Símar: 555-1810, 565-1810 • Netfang: veislulist@veislulist.is • www.veislulist.is



SVONA VIRKA FRÆÐSLUSTYRKIR TIL EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKJA Á ALMENNA MARKAÐNUM

FRÆÐSLUSTYRKIR TIL EINSTAKLINGA

- Allir einstaklingar sem starfa á almenna markaðnum og eru í Verkalýðsfélaginu Hlíf mynda rétt til styrkja úr fræðslusjóðnum.
- Styrkhæft er allt starfstengt nám, svo sem skólagjöld vegna náms til eininga, bóklegur hluti ökunáms, meirapróf, vinnuvélaréttindi, tölvunám, tungumálanám, markþjálfun, netnámskeið, ráðstefnur sem tengjast starfi og fleira.
- Styrkhlutfall fer eftir áunnum rétti starfsmanns.
- Styrkur er allt að 90% af námskeiðsgjaldi en þó aldrei meira en 130.000 kr. á ári. Uppsafnaður ónotaður réttur í þrjú ár veitir rétt til allt að 390.000 kr. styrks.
- Upplýsingar um rétt og afgreiðslu umsókna fást hjá Verkalýðsfélaginu Hlíf og eru allir hvattir til að nýta sér rétt sinn og styrkja sig enn frekar í starfi og lífinu.

FRÆÐSLUSTYRKIR TIL FYRIRTÆKJA

- Fyrirtæki á almennum markaði með starfsfólk í Verkalýðsfélaginu Hlíf getur sótt um styrki vegna náms og fræðslu starfsfólks.
- Réttur fyrirtækis til að sækja um styrk myndast sjálfkrafa um leið og launatengd gjöld starfsmanns eru greidd.
- Styrkhæft er allt starfstengt nám, svo sem námskeið, meirapróf, vinnuvélaréttindi, íslenskunám, tölvunám, stjórnendaþjálfun, öryggis- og gæðastjórnunarnámskeið og fleira.
- Hámark styrkfjárhæðar á ári til hvers fyrirtækis er 3 milljónir króna.
- Sjá nánar á www.starfsafl.is – og eru fyrirtæki hvött til að nýta þessa öflugu styrki.

starfsafl

Fræðslusjóður í eigu Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Samtaka atvinnulífsins



Reiknaðu launin þín!

www.sgs.is

Svaraðu nokkrum léttum spurningum og fáðu rétt reiknaðan launaseðil á skjánni.

Ný gagnvirk launareiknivél

Það er mikið hagsmunamál fyrir launafólk að geta farið yfir það með einföldum hætti hvort laun og aðrar greiðslur séu í samræmi við kjarasamninga, þ.e. kannað hvort launaseðill sé réttur.

Sett hefur verið upp reiknivél á vefnum, sem félagsmenn geta nýtt sér til að reikna út launin sín, kannað hvort launaseðlar séu réttir og annað það sem snertir margvíslegar launatengdar greiðslur.

Reiknivélin er einföld í notkun. Hægt er að reikna út laun miðað við kjarasamninga SGS á almennum markaði og samninga við ríki og sveitarfélög. Auk þess eru samningar Hlífarfólks sem starfar í álverinu í reiknivélinni.

Með reiknivélinni erum við að efla þjónustuna við félagsmenn og gera þeim auðveldara að gæta hagsmuna sinna og kjara.



Farðu inn á heimasíðu Hlífar og smelltu á þetta merki til að komast inn á reiknivélina.



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF

Gríðarleg óánægja hjá starfsfólki leikskóla í Hafnarfirði



Um alllangt skeið hefur ríkt mikil og sívaxandi óánægja meðal starfsfólks í leikskólum Hafnarfjarðar. Hópurinn telur sig mæta miklu skilnings- og virðingarleysi stjórnenda í fjölmörgum málum sem snerta störfin.

Eftir að Efling og Reykjavíkurborg gerðu kjarasamning, í kjölfar harðra átaka, hafa nágrannasveitarfélögin gripið til ýmissa aðgerða til að brúa bilið sem skapaðist milli kjara starfsfólks í leikskólum í Reykjavík og í þessum sveitarfélögum. Öll nema Hafnarfjörður.

Óánægja starfsfólks kemur fram í

„Þetta er skemmtilegasta starf í heimi – en stjórnendur bæjarins eru að eyðileggja það.“

Ummæli í könnun

könnunum sem gerðar eru reglulega meðal félagsmanna Hlífar og hefur óánægjan vaxið undanfarin misseri. Á fundum með trúnaðarmönnum starfsfólks í leikskólum bæjarins hefur ítrekað komið fram að ástæðuna megi ekki síst rekja til þeirrar sérstöðu Hafnarfjarðarbæjar að vilja ekki brúa launabilið. Lágum launum fylgir mönnunarvandi og þegar ekki er fólk til að sinna öllum störfum bitnar það með auknu álagi á þeim sem eru til staðar.

Fimm yfirvinnutímar

Samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, er gert ráð fyrir að allt starfsfólk í leikskólunum fái greiddar 5 yfirvinnustundir ofan á mánaðarlaun. Yfirvinnutímar sem hafa verið greiddir úr svokölluðum yfirvinnupotti, fyrir tilfallandi vinnu utan hefðbundins vinnutíma, verða felldir niður. Útfærslan hefur verið misjöfn eftir skólum. Sums staðar hafa verið starfsmannafundir utan dagvinnutíma, einu sinni í mánuði í sumum skólum en sjaldnar í öðrum. Þetta hafa oftast verið um tveir tímar. Þær greiðslur falla niður, en fimm fastir tímar koma í staðinn. Verði fjárhagsáætlunin samþykkt óbreytt, þýðir það að almennur leikskólastarfsmaður í Hafnarfirði fær að jafnaði 30 – 35.000 krónum minna í laun en starfsmaður í sams konar starfi í Reykjavík. Það munar um minna fyrir fólk á lægstu launum.

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að þeir starfsmenn sem eiga barn í leikskóla fái 75% afslátt af leikskólagjöldum. Þetta kemur sér vissulega mjög vel – en einungis fyrir þennan hóp, sem er ekki fjölmennur.

Ekki liggur á lausu hve margir starfsmenn eða hve stór hluti starfsfólksins mun njóta þessarar kjarabótar. Samkvæmt lauslegu mati, sem er meðal annars byggt á því sem trúnaðarmennirnir segja, eru þetta á bilinu 10-15% starfsfólks. Væntanlega er gripið til þessarar ráðstöfunar til að reyna að fjölga starfsfólki. Óskandi væri að það bæri árangur,

en þá þarf líka að taka með í reikninginn að það hefur áhrif á fjölda og aldurssamsetningu barnahópsins í leikskólunum.

„Okkur er sagt að við verðum að láta þetta ganga. Það megi alls ekki senda börn heim.“


Trúnaðarmaður í leikskóla

Eftir stendur stærsti starfsmannahópurinn: Þeir starfsmenn sem eiga ekki börn á leikskólaaldri – og eru flestir búnir að vinna hjá Hafnarfjarðarbæ í 5-10 ár eða jafnvel lengur.

Óánægjan birtist í könnunum


Í könnun sem Verkalýðsfélagið Hlíf gerði nýverið meðal starfsfólks í leikskólum kemur staðan mjög skýrt fram. Næstum allir svarendur í könnuninni segja álag hafa aukist á undanföllum sex mánuðum.

Finnst þér álag í vinnunni hafa aukist eða minnkað á síðastliðnum sex mánuðum?




Spurt var hversu algengt eða óalgengt væri að leikskóladeildin sem viðkomandi starfar á, væri fullmönnuð. Samkvæmt svörum, segir riflega fjórðungur að algengt sé að hún sé fullmönnuð, en um 55% segja það óalgengt, sem lýsir mjög alvarlegri stöðu.

Hversu algengt eða óalgengt er að deildin þín sé fullmönnuð?




Spurt var hvort upp hafi komið sú staða á deild svaranda á undanförunum sex mánuðum að deild hafi verið lokað vegna manneklu. Næstum fjórðungur segja að deild hafi verið lokað, en helmingurinn segir nei. Einn af hverjum tíu segist ekki vita það.

Hafa komið upp þannig aðstæður á leikskólanum á síðustu sex mánuðum að deild hafi verið lokað vegna manneklu?



Þá var spurt hvort upp hefðu komið þær aðstæður í leikskólanum á síðustu sex mánuðum að rétt hefði verið að loka deild svarandans, en það hafi samt ekki verið gert. Þá dregst upp annars konar mynd. Um tveir af hverjum þremur svarendum segja þannig aðstæður hafa skapast, en um 15% segja það ekki hafa gerst.

Hafa komið upp þannig aðstæður að rétt hefði verið að loka deild jafnvel þótt það hafi ekki verið gert?




Þetta er grafalvarlegt. Of fátt starfsfólk þýðir aukið álag á þá sem eru á staðnum. Það getur hreinlega skapað hættu, bæði fyrir börnin og starfsfólkið, ef svo fálíðað er á deildinni að rétt sé að loka. Algengt er að brugðist sé við með því að fara með börnin út, enda sé auðveldara að halda utan um stóran hóp barna með fáu starfsfólki úti en inni. Fyrir þessu eru vitaskuld

takmörk og getur ekki gengið til lengdar.

Spurt var hvort viðkomandi hefði velt fyrir sér á síðustu sex mánuðum að skipta um starf vegna álags. Niðurstöðurnar eru sláandi.

Hefur þú á undanförunum mánuðum íhugað að skipta um starf vegna álags á leikskólanum?



Riflega tveir af hverjum þremur segjast hafa íhugað að skipta um starf, en fjórðungur hefur ekki íhugað það. Vitað er að talsvert röt er á starfsfólki og fjölmargir hafa farið til starfa í öðrum sveitarfélögum.

Nokkrir áhrifaþættir til viðbótar við kjörin

Auðvitað er margt sem yfir undir óánægju starfsfólks leikskóla og erfiðleika við að manna störf í skólunum. Augljóst er þó, að lök kjör eru meginorsökin. Það er þó fleira sem eykur álagið frá degi til dags og má þar nefna:

- **Vinnutímastyttingin.** Í kjarasamningum starfsfólks í leikskólum eru ákvæði um styttingu vinnutímans, mismunandi eftir samningum. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir kostnaði við nauðsynlega viðbótarmönnun, þannig að starfsfólk hefur þurft að „lata hlutina ganga“ með eigin útsjónarsemi.

„Bæjarstjórinn ætti að prófa að vinna í leikskóla einn dag. Þá kannski skildi hún hvað við erum að tala um.“

Ummæli í könnun

Ef starfsmaður er ekki á staðnum (vegna vinnutímastyttingar) og enginn kemur í staðinn, þá segir það sig sjálft að álagið eykst á þá sem til staðar eru.

- **Undirbúningstímar.** Í kjarasamningum háskólamenntaðs starfsfólks leikskólanna er gert ráð fyrir nokkrum fjölda undirbúningstíma. Algengt er að þeir séu á bilinu 7-10 í hverri viku. Augljóst er að með því minnkar sá tími sem viðkomandi starfsmenn eru inni á deild með börnunum.

- **Námssamningar.** Allnokkrir starfsmenn eru á svokölluðum námssamningum. Þeir gera meðal annars ráð fyrir að starfsmenn geti stundað nám sem nýtist í starfi og skuldbindi sig um leið til að starfa fyrir Hafnarfjarðarbæ í

nokkurn tíma, bæði meðan þeir eru í námi og eftir að því lýkur. Þetta er mjög gott úrræði til að fjölga menntuðu starfsfólki í leikskólunum. Sá böggull fylgir þó skammri, að þessu fylgir allnokkur fjarvera og sérstök verkefni sem gera að verkum að viðkomandi eru ekki með börnunum. Fjarveran eykur álag á hina sem eftir eru.

- **Veikindi.** Þótt félagið hafi ekki fengið umbeðnar upplýsingar um tíðni veikinda starfsfólks í leikskólum, leikur enginn vafi á að tíð og langvarandi veikindi auka mjög á mönnunarvandann.

- **Covid.** Fyrir liggur að Covid-faraldurinn hefur aukið enn á vandann. Upp hafa komið ýmsar aðstæður sem gera starfsfólki og foreldrum enn erfiðara fyrir en við eðlilegar aðstæður. Þetta hefur aukið álag á starfsfólk, sem hefur tekið á sig að leysa vandann frá degi til dags, án sérstakrar umbunar.

„Við erum að gefast upp. Það verður enn meiri flótti á næstunni ef ekkert verður gert.“

Ummæli í könnun

Fulltrúar bæjarins segja að tekið hafi verið tillit til allra þessara þátta í þeim mönnunarlíkönum leikskóla sem unnið er eftir. Þar sem mörg þessara atriða, svo sem vinnutímastyttingin, námssamningarnir og fjölgun undirbúningstíma, eru tiltölulega ný af nálinni, ætti að vera hægt að sjá þess stað í fjölda stöðugilda og starfsfólks. Þegar rýnt er í töflu sem fylgir greinargerð með fjárhagsáætlun, þar sem sýnd eru stöðugildi og fjöldi starfsfólks í hverjum leikskóla, ætti að sjást umtalsverð aukning. Þegar sambærilegar töflur frá fyrri árum eru bornar saman við töfluna með fjárhagsáætlun ársins 2022, ætti að sjást merkjanlegur munur, til dæmis þegar undirbúningstímum fjölgaði

„Foreldrar barnanna standa með okkur, enda horfa þeir upp á þetta ástand dag eftir dag.“

Trúnaðarmaður í leikskóla

og þegar vinnutímastyttingin tók gildi. Helstu sjáanlegu breytingarnar á milli ára virðast aftur á móti einkum tengjast fjölda og aldursamsetningu barnanna í hverjum leikskóla.



Gallupkönnun

Gallup er að ljúka vinnu við árlega könnun meðal félagsmanna Hlífar. Í könnuninni er meðal annars sett fram fullyrðing, um að of fátt starfsfólk sé á vinnustaðnum til að hægt sé að

„Halda þau virkilega að við trúum því að þrír tímar séu fimm tímar?“

Trúnaðarmaður í leikskóla

sinna eðlilegri þjónustu. Í hópum starfsfólks á almennum vinnumarkaði eða hjá ríkinu eru um 40% svarenda mjög eða fremur sammála fullyrðingunni. Hjá starfsfólki sveitarfélaga (þar sem starfsfólk í leikskólum Hafnarfjarðar er í miklum meirihluta) er hlutfallið ríflega 75%. Það þýðir að um þrír af hverjum fjórum telja of fátt starfsfólk á vinnustaðnum til að hægt sé að sinna eðlilegri þjónustu. Þetta er í fullkomnu samræmi við okkar eigin kannanir og upplifun starfsfólks eins og henni er lýst af trúnaðarmönnum.

„Þessir fimm tímar eru eins og köld vatnsgusa. Stundum er betra að gera ekkert en að gera eitthvað skammarlega lítið.“

Trúnaðarmaður í leikskóla

„Bæjarstjórnin er í fullkominni afneitun. Þau vita ekkert hvað þau eru að tala um.“

Trúnaðarmaður í leikskóla

Vinnutímastyttingin

Í könnuninni sem Hlíf gerði fyrr í haust var meðal annars spurt um vinnutímastyttinguna, hvernig hún hefði tekist og hvort fólk teldi hana mikilvæga. Um 85% segja að hún skipti mjög eða fremur miklu máli. Um helmingur svarenda segist ánægður með útfærsluna, en ríflega þriðjungur óánægður. Svarendum var gefið tækifæri til að skrifa athugasemdir og hugleiðingar. Langflestar þeirra snerust um mönnun, að erfitt væri að koma styttingunni við vegna skorts á starfsfólki. Sumir sögðust hreinlega fá samviskubít við að skilja samstarfsfólkið eftir þegar þeir tækju út áunna vinnutímastyttingu.

Verk að vinna

Fulltrúar Hlífar hafa fundað alloft með forsvarsmönnum bæjarins um málefni leikskólastarfsfólks á undanförunum misserum. Út úr þeim fundahöldum hefur ekkert haldfast komið.

Það er verk að vinna ef leysa á mönnunarvandamálin í leikskólunum. Verkið



snýst ekki síst um að viðurkenna vandann, horfast í augu við hann og leita síðan leiða til að bregðast við honum. Fyrst og síðast þarf að bæta kjör leikskólastarfsfólksins í Hafnarfirði til jafns við það sem tíðkast í nágrannasveitarfélögunum. Þá er hálfur sigur unninn. Sú breyting og viðurkenning mun breyta því ríkjandi viðhorfi starfsfólksins að stjórnendur beri takmarkaða virðingu fyrir mikilvægi starfanna.

„Því hefur verið haldið fram að það sé gert ráð fyrir afleysingum vegna vinnutímastyttingar, námssamninga og undirbúningstíma. Við höfum ekki fundið fyrir því í mínum leikskóla. Við þurfum bara að hlaupa hraðar.“

Trúnaðarmaður í leikskóla

Styrkir hjá Starfsafli, Flóamennt og Námskeiðssjóði Vlf. Hlífar

Styrkir hjá Flóamennt, Starfsafli og Námskeiðssjóði Verkalýðsfélagsins Hlífar eru sem hér segir:

Árleg fjárhæð styrks er 130.000
Miðað er við að greitt sé allt að 75% af kostnaði.

(Hlutfallið hefur verið hækkað tímabundið í 90% vegna Covid-19)

Þriggja ára styrkur (ef félagsmaður hefur ekki sótt um styrk síðustu þrjú ár) er allt að 390.000 krónur fyrir eitt samfellt námskeið eða nám.

Tómstunda- og lífsleiknistyrkir eru 30.000 krónur.



Verkalýðsfélagið Hlíf óskar öllum félagsmönnum gleðilegrar jólahátíðar og farsæls komandi árs.

Umhverfisvæn þrif með ENJO
ENJO Reykjavíkurvegi 64 - Hafn
office@is.enjo.com Sími 555 1515
Vefverslun: shop.enjo.is



Er ekki kominn tími til að spara?



Séreignarsparnaður er einn hagkvæmasti sparnaður sem völ er á.

Þægindi

- Launagreiðandi sér um að standa skil á sparnaðinum.
- Enginn upphafskostnaður.
- Heimilt að ráðstafa inn á höfuðstól húsnæðislána.
- Heimild til úttektar við kaup á fasteign (við ákveðin skilyrði).

Erfðaréttur

- Sparnaðurinn erfist að fullu til lögerfingja eftir reglum erfðalaga.

Skattahagræði

- Iðgjald í séreignarsjóð er ekki skattlagt við innborgun í sjóð.
- Tekjuskattur er greiddur við útgreiðslu sparnaðarins.
- Enginn fjármagnstekjuskattur er greiddur af vaxtatekjum.

Tryggðu þér 2% mótframlag frá launagreiðanda á móti 2% til 4% eigin framlagi.



Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík • Sími 515 4700 • www.gildi.is • gildi@gildi.is

Ókeypis APP til að skrá vinnustundir og reikna launin!



Með einum smelli er hægt er að reikna út laun í appinu miðað við kjarasamninga SGS á almennum markaði, við ríki og sveitarfélög.

Hlíf er fyrst allra stéttarfélag á Íslandi og jafnvel í öllum heimi sem tekur í notkun app sem sér um tímaskráningu ásamt möguleikanum á að geta reiknað út laun félagsmanna sem starfa samkvæmt kjarasamningum.

Félagsmenn geta farið inn á heimasíðu Hlífar, svarað nokkrum spurningum til að skrá sig fyrir appinu og notað það svo til að skrá unnar vinnustundir. Appið er tengt öllum

kjarasamningum SGS og hefur allar helstu reiknireglur kjarasamnings um vinnutíma ásamt launatímabili að styðjast við útreikning.


Curio App er tengt íslenska tímaskráningarkefninu Curio Time frá UX design (*sjá: www.curiotime.is*) og hefur Hlíf gert samning um ókeypis notkun á forritinu fyrir félagsmenn.

Til móts við framtíðina

Appið er því frítt fyrir félagsmenn Hlífar og við hvetjum alla þá sem vilja hafa laun og tímaskráningu á hreinu að hala appinu niður á símann og nýta sér þessa nýjung hjá félaginu.

Appið er enn eitt skrefið í að efla þjónustuna við félagsmenn og gera þeim auðveldara að gæta hagsmuna sinna.

Lærðu að nota appið..



1 = Vinnutími þinn
2 = Stimpla sig á milli verkefna
3 = Klukk inn og klukk út - takki
4 = Valmynd og tímaskýrslan þín

1 = Sendu þér PDF skýrslu
2 = **Reiknaðu laun þín**
3 = Breyttu vinnutíma

Appið sér um útreikning

Skoðaðu niðurstöður skv. reiknivél SGS og prentaðu útreikning þinn.

Vert að hafa í huga að mögulega er ekki hægt að ná utan um sérstakar kringumstæður og er félagsmönnum bent á að hafa samband við skrifstofu Hlífar ef frekari spurningar vakna.

*Togarinn Maí sem Bæjarútgerð
Hafnarfjarðar gerði út er hér
nýkominn við bryggju.*



Passport kynnrir

KORTER YFIR SJÖ

Verkfallið mikla 55

Korter yfir sjö

Sex vikna verkfall, sem meðal annars leiddi til laga um atvinnuleysistryggingar



Heimildarmyndin „Korter yfir sjö“ var frumsýnd 9. september síðastliðinn í Bíó Paradís. Í myndinni er sagt frá verkfallinu 1955 í Reykjavík og nágrenni. Verkfallið var eitt það harðvítugasta í sögunni. Settir voru upp vegatálmur við alla vegi til borgarinnar, hafnir voru lokaðar og borgin var í rauninni í herkví.

Borgin varð mjólkurlaus, kaffilaus og bensínlaus í nærri sex vikur. Verkfallsverðir tóku olíuskip í gíslingu til að stöðva dælingu í Keflavík, á Faxaflóa og í Hvalfirði og vörum var smyglað til Reykjavíkur í líkkistum. Myndin segir frá aðdraganda verkfallsins sem

hafði víðtæk áhrif á íslenskt samfélag fram eftir 20. öldinni. Meðal þess sem kom út úr samningunum var fyrsta lagasetningin um atvinnuleysistryggingar.

Myndin dregur upp skýra mynd af aðstæðum almennings á þessum árum, oft og tíðum bágum. Húsakostur var í mörgum tilvikum heilsuspillandi og fólk hafði ekki aðgang að nógu hollum mat.

Samstaða atvinnurekenda rofin

Verkalýðsfélagið Hlíf var virkur þátttakandi í verkfallinu og undirbúningi þess. Framvindan varð að ýmsu leyti önnur í Hafnarfirði en

í Reykjavík og afstaða bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði gerði það að verkum að fyrr var samið hér. Afstaða bæjarstjórnarinnar hér leiddi án nokkurs vafa til þess að það kvarnaðist úr samstöðu atvinnurekenda og leiddi þannig til þess að verkfallið leystist fyrr en annars hefði orðið.

Verkalýðsfélagið Hlíf veitti myndarlegan fjárstuðning vegna gerðar myndarinnar og lagði til ýmiss konar efni sem nýttist við gerð hennar. Myndin verður væntanlega nýtt til kennslu í skólum og verður aðgengileg á ýmsan annan hátt.



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar klofnaði um afstöðu til samninga við Hlíf



Verkamannafélagið Hlíf og Dagsbrún höfðu með sér náið samstarf varðandi uppsögn kjarasamninganna árið 1955 og skipulag aðgerða. Það samstarf stóð allan tímann á meðan á þeim aðgerðum stóð sem sagt er frá í myndinni, þótt samkomulag hafi náðst við Hafnarfjarðarbæ í miðri deilu.

Strax í ársbyrjun 1955 var farið að huga að aðgerðum. Haldinn var stjórnarfundur 4. janúar og félagsfundur 7. janúar. Þar var rætt um atvinnumál og horfurnar í því sambandi. Trúnaðarráð Hlífar fundaði síðan 25. janúar og samþykkti einróma að mæla með því við félagsfund að samningum yrði sagt upp. Á félagsfundi sem haldinn var tveimur dögum síðar í Verkamannaskýlinu, var eftirfarandi bókað:

„Fundur haldinn í Verkamannafélaginu Hlíf fimmtudaginn 27. jan. 1955, samþykkir að segja upp samningum við vinnuveitendur.“

Tillagan var samþykkt án umræðu með öllum greiddum atkvæðum. Fram kemur í fundargerðinni að 90-100 menn hafi verið á fundinum og 5 eða 6 ekki greitt atkvæði.

Náin samvinna félaganna

Undirbúningurinn gekk hratt fyrir sig. Á stjórnarfundi í Hlíf 6. febrúar 1955 var eftirfarandi bókað:

„Ekki hefur enn verið endanlega ákveðið hvernig fél. halda út í baráttuna. Samkomulag hefur orðið milli stjórnna Hlífar og Dagsbrúnar um að hafa fulla samstöðu í þessum samningum og muni stjórnir félaganna koma saman til fundar á skrifstofu Dagsbrúnar annað kvöld kl. 20:30.“

Á fundi stjórnar 27. febrúar gerði formaðurinn,

Hermann Guðmundsson, grein fyrir samráði 14 verkalyðsfélaga og samkomulagi þeirra um að; a) Félögin tilkynni vinnustöðvanir sameiginlega; b) Ekkert félag geri nýja samninga án samþykkis hinna félaganna og c) Félögin kjósi sér sameiginlega stjórn aðgerða.


Boðað var til verkfalls 18. mars. Fljótlega fór að bera á því að ýmsir atvinnurekendur í Hafnarfirði voru tilbúnir að ganga að kröfum félagsins, sem miðuðust við allháa grunnkaupshækkun, mánaðarlega dýrtíðaruppbót á öll vinnulaun og þriggja vikna orlof. Upp á þetta var hluti atvinnurekenda tilbúinn að skrifa, með fyrirvara um að þeir gengju síðan inn í heildarsamning þegar þar að kæmi. Sameiginleg samninganefnd félaganna féllst á að Hlíf gerði slíka samninga. Svipað gerðist með bæjarstjórn Hafnarfjarðar, fallist var á kröfur Hlífar og gerður samningur við félagið á grundvelli þeirra 26. mars. Þetta var gert að frumkvæði þeirra Kristjáns Andréssonar, fulltrúa Sósíalistaflokksins, Stefáns Gunnlaugssonar, bæjarstjóra og Hermanns Guðmundssonar, formanns Hlífar. Fulltrúar Alþýðuflokksins og Sósíalista greiddu atkvæði með samningnum í bæjarstjórn, en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins voru andvígir.

Fleygur í samstöðu atvinnurekenda

Með samningum við bæjarstjórn og allmarga atvinnurekendur, voru í raun um 75% hafnfirskra verkamanna með kjarasamning og því ekki í verkfalli. Allt þetta var gert með vitund og vilja sameiginlegra samninganefndar félaganna.

Á fundi stjórnar Hlífar 17. apríl var viðruð hugmynd um „stofnun atvinnuleysissjóðs“

sem yrði lögfest á Alþingi og fjármögnuð með 2% af vinnulaunum úr ríkissjóði, 2% frá atvinnurekendum, 1% frá sveitarfélögum og 1% frá launamönnum sjálfum. „Samninganefnd verkalyðsfélaganna hét að taka þessa tillögu til gaumgæfilegrar athugunar.“



Á félagsfundi 28. apríl var kynnt samkomulag sem hafði verið undirritað fyrr um daginn. Þar var aðkoma ríkisvaldsins veruleg, með loforði um stofnun Atvinnuleysistryggingasjóðs, á svipuðum nótum og áður hafði verið kynnt. Samkomulagið var samþykkt á þessum fundi, með 102 atkvæðum gegn 2.

Lauk þar með þessu sex vikna langa verkfalli, þar sem ýmislegt hafði gengið á. Telja má víst, að vilji bæjarstjórnar Hafnarfjarðar til samninga og hafnfirskra fyrirtækja í kjölfarið, hafi hjálpað til við að rjúfa samstöðu atvinnurekenda og þannig flýtt fyrir samningum, sem svo sannarlega hafa áhrif enn í dag.



Fundarstjóri á fulltrúaráðs- og sjóðfélagafundi Gildis var Aðalbjörn Sigurðsson, forstöðumaður samskipta hjá sjóðnum. Frummælendur voru Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, Davíð Rúðólfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis, Gylfi Gíslason, stjórnarformaður sjóðsins og Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur. Mynd: Gildi.

Góð staða Gildis- lífeyrissjóðs eftir fyrstu níu mánuði ársins

Hrein eign samtryggingardeildar Gildis-lífeyrissjóðs í lok september 2021 var 855,7 milljarðar króna og hafði hækkað um ríflega 98 milljarða króna á árinu. Þetta er meðal þess sem fram kom í máli Árna Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Gildis, á fundi sjóðfélaga- og fulltrúaráðs sem haldinn var fimmtudaginn 25. nóvember síðastliðinn. Fundurinn var að þessu sinni að fullu rafrænn vegna samkomutakmarkana.

Í kynningu Árna kom fram að nafnvöxtun sjóðsins á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 var 11,4%. Hrein raunávöxtun, sem er nafnvöxtun að frádregnum kostnaði (þar með talið verðbólgu) var 7,8%. Það þýðir að fjárfestingartekjur sjóðsins á umræddu tímabili voru tæplega 87,7 milljarðar króna. Á sama tíma greiddi sjóðurinn um 15,5 milljarða í lífeyri til sjóðfélaga, iðgjöld voru tæplega 24,6 milljarðar og rekstrarkostnaður um 800 milljónir. Sjóðurinn stendur því vel og er sterkur bakhjarl fyrir þá ríflega 246.000 sjóðfélaga sem eiga réttindi hjá Gildi.

Grænar fjárfestingar

Davíð Rúðólfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis, fór á sjóðfélagafundinum yfir fjárfestingarstefnu 2022 sem samþykkt var á stjórnarfundum fyrr um morguninn. Helstu breytingar milli ára eru að vægi innlendra hlutabréfa var aukið um 2% á meðan vægi skuldabréfa var minnkað til samræmis. Davíð rakti einnig nýlega ákvörðun stjórnar sjóðsins um að eyrnamerkja um 95 milljarða í grænar

fjárfestingar fram til ársins 2030. Sjóðurinn hefur skrifað undir sérstaka viljayfirlýsingu þess efnis gagnvart Climate Investment Coalition (CIC), framtaks sem hefur að markmiði að stuðla að aukinni fjárfestingu í hreinni orku og öðrum umhverfsvænum verkefnum. Auk augljósra jákvæðra umhverfisáhrifa lítur Gildi á þetta sem tækifæri til að stuðla að bættri ávöxtun til lengri tíma lítið sem og að takmarka áhættu í eignasafni sjóðsins.

Bættar lífslíkur

Á sjóðfélagafundinum var sérstaklega farið yfir hvernig lífeyriskerfið í heild, og þar á meðal Gildi lífeyrissjóður, mun þurfa að bregðast við þeirri ánægjulegu þróun að landsmenn lifa stöðugt lengur. Í dag eru til dæmis meðalævilíkur íslenskra kvenna um 84 ár og

áhrif á stöðu allra lífeyrissjóða, sem sjá nú fram á að greiða meðal-sjóðfélaganum lífeyri nokkuð lengur en áður. Möguleg leið til að bregðast við þessu er að hækka viðmiðunaraldur lífeyris smám saman á komandi árum en hann er í dag 67 ár.


Besta lífeyriskerfið

Íslenska lífeyriskerfið varð í efsta sæti í alþjóðlegri lífeyrisvísitölu sem ráðgjafarfyrtækið Mercer og samtökin CFA Institue standa að og birt var í lok október. Samanburðurinn sýnir að íslenska lífeyriskerfið er sjálfbærara, skilar meiri réttindum og hefur yfir meiri auðlindum að ráða en lífeyriskerfi annarra þjóða, auk þess að njóta talsverðs trausts í samanburði við önnur kerfi. Meðal þeirra skýringa sem gefnar eru á að Ísland er í efsta sæti á vísitölulistanum eru þessar:

- Góðir stjórnarhættir og regluverk lífeyrissjóða í kerfi með góða eiginleika.
- Samtryggingarlífeyrissjóðir sem allt launafólk á aðild að með hárri iðgjaldaprósentu. Það leiðir til að verulegar eignir eru lagðar til hliðar fyrir framtíðina.
- Tiltölulega ríflegur lífeyrir frá ríkinu (Tryggingastofnun)

Íslenska lífeyriskerfið fær í samanburðinum 84,2 stig af 100 mögulegum en næst í röðinni eru; Holland (83,5 stig), Danmörk (82,0), Ísrael (77,1) og Noregur (75,2).

Hrein eign samtryggingardeildar
1. janúar til 30. september 2021



karla tæplega 81 ár. Árið 1970 gátu konur hins vegar vænst að lifa að meðaltali í tæplega 78 ár og karlar í tæplega 71 ár.

Þar sem réttindi í lífeyrissjóðum eru meðal annars reiknuð út frá ævilengd hefur þetta



Frummælendur á fulltrúaráðs- og sjóðfélagafundi Gildis voru Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, Davíð Rúðólfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis, Gylfi Gíslason, stjórnarformaður sjóðsins og Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur. Mynd: Gildi



Forréttur

Aðalréttur

HUMAR

- 1 kg humar, helst stór eða millistór.
- Hvítlaukssmjör (sjá uppskrift).
- 1 dl hvítvín.
- 1 dl rjómi.
- Sjávarsalt.
- Svartur pipar, mulinn.

Hvítlaukssmjör

- 1/2 búnt steinselja.
- 2 heilir hvítlaukar.
- 300 g smjör, við stofuhita.
- 1/2 matskeið sjávarsalt.
- Svartur pipar, mulinn.

Allt í hvítlaukssmjörið sett saman í matvinnsluvél.

Aðferð

Humarinn klipptur upp eftir bakinu, svarta röndin hreinsuð úr honum undir köldu rennandi vatni, hann síðan þerraður með viskastykki og kjötið lagt upp á bakið (hann á samt að hanga fastur á halaendanum). Hvítlaukssmjörinu smurt á humarinn. Humrinum raðað í eldfast mót. Rjóma og hvítvíni hellt yfir. Grillað í ofni við 225 gráður í um 3-4 mínútur. Þegar humarinn er tekinn úr ofninum hefur dálítið af smjörunu bráðnað ofan í hvítvínið og rjómann og myndað ljúffenga sósu. Humarinn borinn fram á disk og sósunni hellt yfir.

Meðlæti

Gott er að bera fram brauð eða hvítlauksbrauð með humrinum til að dýfa ofan í sósuna.

GRÍSAKÓTILETTUR

Hér er einföld uppskrift að grísakótilettum
Uppskriftin er fyrir fjóra

GRÍSAKÓTILETTUR

Hráefni

- 4 stk. grísakótilettur (má einnig nota léttreyktar).
- 1 tsk. hvítlaukskrydd.
- 1 tsk. paprikukrydd.
- ½ tsk. oregano.
- ½ tsk. salt.
- ½ tsk. pipar.
- 2 msk. ólífuolía.
- 2 msk. smjör.

Aðferð

Blandið öllu kryddi vel saman og nuddið kryddblöndunni vel á kótilettunum.
(Þarf ekki ef léttreyktar kótilettur eru notaðar.)
Hitið olíu og smjör á pönnu.
Steikið kótilettunum á pönnunni í 5 til 8 mínútur á hvorri hlið.
Takið kótilettunum af pönnunni og leyfið þeim að hvíla í fimm mínútur áður en þær eru bornar fram.

Meðlæti

Berið fram með bökuðu rótargrænmeti, kartöflum, salati, og sveppasósu.

MYND: BENH LIEU SONG (CC BY-SA 3.0)

HÖFUNDIR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Verðlaunakrossgáta					HALD	RÖLTA	SÍÐA	↻	HLUTLAUS BREKKA	↻	STÚLKA	EINSAMALL	EIN- DREGINN
				VERKFÆRI									
				ÍÐRÓTTA- FÉLAG			UNAÐUR HÁTTUR						
								ÍSHROÐI LJÓMA					
				MJÖG									
				SKESSA ÁTT						HLÝTT	TVEIR EINS MERÐ		
	↓	SÁR NÝJA	↻	KLIFUN FJALLA- SKARÐ					HANDEFANG DUNKUR				
GÚLPUR						DURTUR	ÁNA	BUGÐ- ÓTTUR VÖNDULL					
SÆLA					KLIPPARI SAMTÖK						LYFTA	HVERJUM EINASTA	JURTARÍKI
TVEIR EINS VÆTLAR				FRELSUN YRKJA					VERALDAR- SJÖR				
↻				HÓFDÝR BÓK					YFIR- BRAGÐ RÖR				
		SKJÁTA RÁNFUGL			TITTUR KVIÐ						SNÍKILL BLAÐRA		
SKÚMA- SKOT							STAFUR ÚTUNGUN			SKORDÝR SKRAN			
SAMKOMU- LAGS HYGGJAST						HURUKKA FYRST FÆDD					SKÓLI SVARA		
↻				HLAUP HERSLI				ELDHÚS- ÁHALD SKAÐI				MEIRI HÁTTAR	KK NAFN
	↓			MATJURT NES					EYÐIMÖRK SLÍMDÝR				
VARMI					SKRÁ FLÓN						FÝLDUR STRIT		
		STEIN- TEGUND KOPAR					HLJÓM ÓVILD			FORBOD PUÐ			
FETUÐU PEDALI						REIÐ- MAÐUR FÆDDI					FÉLL ÁTT		
↻				FUGL				VÖÐLUR					
	RIT- VINNSLU- FORRIT						ÓSKERTAR						

Nafn: _____ Sími: _____

Heimili: _____ Lausnarorð: _____